Niðurstaða fyrir sólarhringsmeðaltal svifryks er sýnd á **mynd 20.26**. Samkvæmt íslenski mengunarvarnareglugerð verður sólarhringsmeðaltal svifryks að vera minna en 130  $\mu\text{g}/\text{m}^3$  í 98% tilfella utan skilgreinds þynningarsvæðis og samkvæmt Evróputilskipun innan 50  $\mu\text{g}/\text{m}^3$  í 90,4% tilfella. Samkvæmt útreikningum eru þessi mörk langt innan svæðis takmarkaðrar ábyrgðar.



**Mynd 20.23** Reiknað klukkustundarmeðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO<sub>2</sub>).

#### 20.7.4.2 TILLAGA AÐ ÞYNNINGARSVÆÐI


Sólhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs og meðaltal flúors yfir vaxtartíma gróðurs ákvarða stærð þynningarsvæðis. Tillaga að þynningarsvæði eftir stækkun álversins fellur innan núverandi svæðis takmarkaðrar ábyrgðar. Samkvæmt þessu er gerð tillaga að þynningarsvæði eins og sjá má á **mynd 20.27**. Svæði takmarkaðrar ábyrgðar er samkvæmt samningi ISAL og íslenskra stjórnvalda frá 1966.

Tillaga að þynningarsvæði var kynnt fulltrúa Hollustuverndar ríkisins. Tillagan byggir á því að núverandi svæði takmarkaðrar ábyrgðar helst óbreytt en í raun var það svæði jafngilt þynningarsvæði. Þessi niðurstaða verður grunnur að endanlegri tillögu að þynningarsvæði, sem verður unnin í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

Útlínur þynningarsvæðisins eru ákvarðaðar með það fyrir augum að loftdreifing, sem er yfir umhverfismörkum sem er áætluð við stækkun álversins, falli innan þess. Þar með eru allar kröfur íslenskra umhverfismarkna og umhverfismarkna ESB uppfylltar



utan þynningarsvæðisins við stækkun álversins. Í aðalskipulagi þarf að gera grein fyrir þynningarsvæði umhverfis álverið. Gerðar verða breytingar á skipulaginu og þær auglýstar þegar endanlegt þynningarsvæði liggur fyrir að loknu mati á umhverfisáhrifum og gerð starfsleyfis.




**Mynd 20.24** Reiknað sólarhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO<sub>2</sub>) miðað við 50 µg/m<sup>3</sup>.

## 20.7.5 UMHVERFISÁHRIF ÚTBLÁSTURS

### 20.7.5.1 LOFTGÆÐI OG UMHVERFI MANNA

Þau loftgæðamörk, sem sett voru fram í **töflu 4.3** fyrir brennisteinstvíoxíð, flúor og svifryk (PM<sub>10</sub>), taka mið af því að vernda viðkvæmstu einstaklingana gegn heilsuskaða. Mörkin eru sett töluvert innan þess styrks sem talinn er skaðlegur, svo sem 10 µg/m<sup>3</sup> fyrir styrk loftkennds flúors yfir meira en 6 mánaða tímabil (25 µg/m<sup>3</sup> í 24 klst.). Eftir fyrirhugaða stækkun álversins verður styrkur framangreindra efna og


svifryks innan loftgæðamarka utan þynningarsvæðis og því eru áhrif efnanna og ryks á heilsu manna talin verða óveruleg. Hafa ber í huga að föst búseta er ekki leyfð innan þynningarsvæðis fyrir loftborna mengun. Innan þynningarsvæðis lendir hluti af æfingavelli, sem tilheyrir golfvallarsvæðinu á vesturhluta Hvaleyrarholts. Íbúðabyggðin á Hvaleyrarholti, vestasti hluta þéttbýliskjarna Hafnarfjarðar, er austan við ytri mörk þynningarsvæðisins (**mynd 20.27**). Stækkun álversins og meðfylgjandi útblástursaukning hefur því ekki takmarkandi áhrif á þróun íbúðabyggðar umfram það sem nú er.



**Mynd 20.25** Reiknað sólarhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO<sub>2</sub>) miðað við 125 µg/m<sup>3</sup>.

Sú mengun sem getur verið skaðleg heilsu manna eru PAH-efnin. Þetta á við um þann hluta PAH-efna sem eru krabbameinsvaldandi, svo sem Benzo(a)Pyren. Loftgæðamörk á styrk B(a)P fyrir heilsu manna eru almennt á bilinu 0,1-1,0 ng/m<sup>3</sup>.





**Mynd 20.26** Reiknað sólarhringsmeðaltal svifryks.

Uppsprettu PAH-efna má finna víða. Þau myndast einkum við ófullkominn bruna lífrænna efna, eins og timbers, kola eða olíu, til dæmis í bílvélum og iðnaði, bruna vindlinga og grillkola, og þegar jarðolía berst út í umhverfið. Auk þess myndast PAH-efni í skógarbruna og eldgosum<sup>84</sup>.

Utan álversins verður þynning loftborinnar mengunar þannig hátt að ársmeðaltal PAH-efna er áætlað  $0,001 \mu\text{g}/\text{m}^3$  í um 500 m fjarlægð í suðurátt og í rúmlega 2 km fjarlægð í norðurátt út á sjó (**mynd 20.22**). Þessi styrkur er töluvert undir loftgæðamörkum ( $0,1$ – $1,0 \mu\text{g}/\text{m}^3$ ). Ekki hefur enn tekist að mæla styrk PAH-efna í lofti í Reykjavík<sup>85</sup> en í Kaupmannahöfn hefur styrkur B(a)P við umferðargötur að vetri mælst um  $4,4 \text{ ng}/\text{m}^3$  og var 0,1 tilfelli lungnakrabbameins á ári meðal einnar

<sup>84</sup> Til dæmis Kielhorn og Boehncke, 1998.

<sup>85</sup> Birna Hallsdóttir Hollustuvernd ríkisins, munnleg heimild í feb. 2002.

milljónar manna rakið til beinnar innöndunar á efninu<sup>86</sup>. Í álveri Søral í Noregi, sem notar sömu tækni við álframleiðslu og ISAL, hefur styrkur PAH-efna innan kerskála mælst undir greiningarmörkum mæliaðferðarinnar síðustu árin<sup>87</sup>. Af framangreindu eru leiddar líkur að því að óveruleg hætta sé á aukinni tíðni krabbameins af völdum PAH-efna meðal starfsmanna álversins og íbúa í nágrenninu eftir fyrirhugaða stækkun umfram það sem almennt gerist hér á landi.



**Mynd 20.27** Tillaga að þynningarsvæði fyrir 460.000 t álver ISAL.

Styrkur annarra efna í útblæstri, svo sem þungmálma, verður mjög lítill og eru áhrif efnanna á umhverfið talin óveruleg. Til dæmis má nefna að mælingar á styrk þeirra í sjávarlífverum í fjöru og í sjó sýna að óverulegt magn berst frá álveri ISAL (kafli 20.8.1.1) sem hefur verið í rekstri í yfir 30 ár. Í Noregi hafa rannsóknir við álver sýnt sömu niðurstöður. Í BAT-skýrslunni kemur enn fremur fram að þungmálmar eru ekki taldir vandamál í tæglum við áliðnað.

<sup>86</sup> Nielsen o.fl., 1996.

<sup>87</sup> Tor Sandvik, Søral í Noregi, munnleg heimild í apríl 2002.

## 20.7.5.2 GRÓÐUR OG JARÐVEGUR

Rannsóknir hafa sýnt að af þeim mengunarefnum sem berast frá álverum er flúor talið skaðlegast gróðri, en þar á eftir brennisteinstvíoxíð. Skaðleg áhrif þessara efna geta orðið vegna beinnar upptöku gróðurs um ofanjarðarluta hans og í gegnum jarðveg<sup>88</sup>.

Vöktun á gróðri umhverfis álver ISAL sýnir að í dag er styrkur flúors og brennisteins í lauftrjám, barrtrjám og grösum innan grunnilda og ekki skaðlegur þeim gróðri (sjá kafla 24). Eins og fram kemur í kafla 24 hafa þó viðkvæmar tegundir, mosar, fléttur og ýmsar lyngtegundir skaðast í nágrenni álversins. Þetta á einkum við um það svæði sem er í stefnu ríkjandi vindáttar frá álverinu. Niðurstaða vöktunar sýnir þó að magn mengunarefna hefur mikið minnkað í gróðri síðustu 10 árin og því ættu að fara að sjást merki þess að viðkvæmur gróður sé að ná sér á strik.

Útlínur loftdreifingar fyrir flúor eftir fyrirhugaða stækkun álversins má sjá á myndum 20.18 og 20.20. Svæðið nær frá álverinu út að þeim mörkum þar sem styrkur loftkennds flúors er reiknaður  $0,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$  (miðast við vaxtartíma gróðurs). Stór hluti svæðisins liggur yfir sjó annars vegar og hins vegar suður yfir Kapelluhraun, sem er mjög raskað. Eftir fyrirhugaða stækkun álversins má búast við að á framangreindu svæði muni viðkvæmur gróður ekki ná sér á strik (tafla 20.2) og núverandi samsetning gróðurs því haldast að mestu óbreytt. Þannig er búist við að þekja viðkvæmra tegunda, einkum mosa, fléttna og ýmissa lyngtegunda (einkum bláberjalyngs, beitilyngs og sortulyng), haldist lítil en þekja harðgerðari tegunda, eins og krækilyngs, aukist enn meir.

**Tafla 20.2** Polmörk gróðurs gagnvart flúor og brennisteinstvíoxíði í lofti. Miðað er við langtímaáhrif<sup>89</sup>.

Mengunarefni	Gróðurtegundir	Polmörk, styrkur í $\mu\text{g}/\text{m}^3$
Flúor	Lauftré	>0,4
	Grös	>2-3
	Fléttur, mosar og barrtré	>0,3
Brennisteinstvíoxíð	Háplöntur	>45
	Barrtré	25-28
	Fléttur og mosar	15-30

Ekki er búist við að þolmörkum háplantna gagnvart brennisteinsmengun verði náð í nágrenni álversins eftir fyrirhugaða stækkun. Mosar og fléttur geta þó skaðast við styrk brennisteinstvíoxíðs ( $\text{SO}_2$ ) á bilinu  $20\text{--}30 \mu\text{g}/\text{m}^3$  á sólarhring og við helmingi lægri styrk ef mengunin er viðvarandi (myndir 20.17 og 20.19). Af þessu er ljóst að innan fyrirhugaðs þynningarsvæðis er mögulegt að viðkvæmstu tegundir skaðist.

Rannsóknir hafa sýnt að upptaka plantna á flúor úr jarðvegi er óveruleg. Jarðvegur bindur flúor og önnur mengunarefni í torleystum samböndum, svo sem kalsíum-flúoríði, sem leiðir til þess að upptaka róta á þessum efnum er mjög lítil. Steinefnaríkur jarðvegur, eins og er víðast hvar á Íslandi, bindur flúor mun fastar en annar

<sup>88</sup> Hörður Kristinsson, 1998; Friðrik Pálmason og Borgþór Magnússon, 1998.

<sup>89</sup> Friðrik Pálmason og Borgþór Magnússon, 1998.

jarðvegur og hefur sýrustig jarðvegs einnig mikil áhrif á bindinguna (flúor bindist best við pH 5-5,5)<sup>90</sup>. Sýrustig í jarðvegi hefur ekki verið mælt í nágrenni álvers ISAL og því er erfitt að spá fyrir um áhrif stækkunar þess á sýrustigið. Breytingar hafa komið fram á sýrustigi jarðvegs í nágrenni eldri álvera í Noregi<sup>91</sup> þar sem útblástur mengunarefna er mörgum stærðargráðum meiri en hjá ISAL. Af framangreindu má álykta að litlar líkur séu á því að sýrustig jarðvegs breytist það mikið í nágrenni álversins eftir fyrirhugaða stækkun að það geti haft áhrif á leysanleika flúors í jarðvegi.

Uppsöfnun brennisteinstvíoxíðs í jarðvegi í nágrenni álversins eftir fyrirhugaða stækkun er ekki talin geta skaðað gróður því það oxast í sulfat (SO<sub>4</sub>) í jarðveginum. SO<sub>4</sub> í jarðvegi er talið skaðlaust gróðri ef styrkur þess er innan hóflegra marka<sup>92</sup>.

Loftborin PAH-efni í nágrenni álversins eftir fyrirhugaða stækkun eru ekki talin geta skaðað gróður í nágrenni þess þar sem rannsóknir hafa sýnt að gróður tekur efnin að mjög litlu leyti inn í vefi sína. Gróður getur tekið inn óbundin PAH-efni í gegnum ysta yfirborðslag sitt við lágt hitastig að vori og hausti, sem síðan losnar að mestu leyti aftur út í andrúmsloftið við hærri lofthita á sumrin<sup>93</sup>. Í jarðvegi eru PAH-efnin bundin ögnum og brotna þar því seint niður. PAH-efni eru því talin mjög óaðgengileg rótum plantna<sup>94</sup>.

#### 20.7.5.3 VOTLENDI

Mjög ólíklegt er talið að fyrirhuguð stækkun álversins muni hafa bein áhrif á votlendi. Í næsta nágrenni álversins er nokkuð blautur jarðvegur í kringum tjarnir með votlendisgróðri. Hvað varðar áhrif á gróður er vísað í kafla 20.7.5.2.

#### 20.7.5.4 DÝRALÍF

Af þeim lofttegundum sem eru í útblæstri álvera er flúor talinn skaðlegastur heilsu búpenings og annarra dýra. Flúor berst helst í dýrin úr fæðu þeirra, svo sem flúorríku fóðri, grasi eða annarri fæðu. Jórturdýr, eins og nautgripir og sauðfé, eru talin mun viðkvæmari gagnvart flúor en aðrar grasætur. Fyrstu einkenni flúorskaða í dýrum koma fram á tönnum og kallast gaddur. Gaddur er nokkuð vel þekktur hér á landi sem afleiðing eldgosa og öskufalls. Eftir fyrirhugaða stækkun álversins má búast við að þar sem styrkur loftkennds flúors verður meiri en 0,3 µg/m<sup>3</sup> yfir 6 mánaða tímabil geti uppsöfnun í gróðri orðið 20–30 mg/kg (ppm í þurrefni), sem eru lægstu skaðsemismörk fyrir viðkvæmustu grasbíta eða jórturdýr<sup>95</sup>. Í nágrenni álvers ISAL er lítið um jórturdýr og aðrar grasætur, einungis 43 kindur frá Lónakoti og Óttarstöðum, sem eru á sumarreit í Hraunum, vestur af Straumsvík. Litlar líkur eru taldar á því að grasætur geti skaðast vegna flúors frá álverinu eftir fyrirhugaða stækkun þar sem lítið er um gras innan þess svæðis þar sem styrkur flúors getur farið yfir 0,3 µg/m<sup>3</sup>. Mælt er með því að búfé sé ekki haft á beit innan framangreinds svæðis né aðrar nytjar stundaðar þar, svo sem ræktun matjurta.

---

<sup>90</sup> Ongstad o.fl., 1994.

<sup>91</sup> Abrahamsen o.fl., 1994.

<sup>92</sup> Friðrik Pálmason, munnleg heimild í janúar 2002.

<sup>93</sup> Simonich og Hites, 1994.

<sup>94</sup> Smith og Jones, 2000.

<sup>95</sup> Ongstad o.fl., 1994; Friðrik Pálmason og Borgþór Magnússon, 1998.

Hvað áhrif á rándýr varðar er mikið um mink í nágrenni Straumsvíkur (sjá nánar í kafla 10.6). Hann sækir mikið æti í fjöruna, á grunnsævi og í tjarnir, svo sem smærri fisktegundir, krabbadýr og fleiri lífverur, auk þess að ná sér í drykkjarvatn í tjarnirnar<sup>96</sup>. Áhrif loftmengunar á rándýr hafa mjög lítið verið skoðuð hérlendis, enda mest áhersla lögð á grasbíta, og því erfitt að meta áhrif flúors á þau. Efnamælingar í mögulegri fæðu minksins ættu þó að gefa til kynna hvort búast megi við áhrifum á hann. Mælingar á magni flúors í skel kræklinga árið 1997 af ströndinni í nágrenni álvers ISAL gáfu ekki til kynna uppsöfnun flúors umfram það sem mælist annars staðar<sup>97</sup>. Af framangreindu má leiða líkur að því að söfnun ætis í fjöru og á grunnsævi hafi óveruleg áhrif á minkinn miðað við óbreytt ástand frá 1997. Efnagreiningar í kræklingi eftir fyrirhugaða stækkun álversins ættu síðan að leiða í ljós hvort frekari uppsöfnun flúors eigi sér stað. Rannsóknir hafa sýnt að flúor binst fyrst og fremst í beinum/skeljum dýra, en lítið í mjúkvef og að flúor losnar aðeins að hluta þaðan eftir að önnur dýr hafa étið þau<sup>98</sup>.

Áhrif PAH-efna eru almennt talin lítil á búpening þar sem þau éta grös sem safna mjög litlu af PAH-efnum í sig (sjá nánar í kafla 20.7.5.2).

Fuglalíf í næsta nágrenni iðnaðarsvæðisins og í fjörunni sunnan við það er nokkuð fjölbreytt, en þó er ekki vitað að þar séu nein mikilvæg fæðu- eða varpsvæði fugla. Eins og kom fram í kafla 10.6 eru á svæðinu frá Straumi að Hvaleyri að jafnaði 28 tegundir og tæplega 2.000 fuglar<sup>99</sup>. Búast má við því að fuglar sem sækja sér æti í fjöru og tjarnirnar við Straumsvík saki í sams konar lífverur og minkurinn. Hvað varðar áhrif flúors á þá fugla er talið að það sama eigi við um þá og minkinn (sjá umfjöllun hér að framan). Í nágrenni álversins halda sig álfir sem meðal annars éta gras. Ekki er vitað um neina rannsókn á áhrifum flúors í grasi á fugla, en þó eru til rannsóknir sem benda til þess að flúor hafi lítil áhrif á frjósemi og lífslíkur, til dæmis Kanadagæsa og máva. Þrátt fyrir að styrkur flúors í fuglum og eggjum, í nágrenni álvera, væri hærri en grunnildi fundust ekki nein tengsl milli flúorinnihalds og þykktar eggjaskurnar, eggjastærðar eða hlutfalls frjóvgaðra eggja<sup>100</sup>. Af framangreindu er dregin sú ályktun að lítil hættu sé á að loftborin mengun frá álverinu eftir fyrirhugaða stækkun þess geti haft skaðleg áhrif á fugla sem halda sig í nágrenninu.

Lítið er vitað um áhrif útblásturs frá álverum á jarðvegsdýr. Þó er almennt vitað að jarðvegur bindur ýmis mengunarefni í torleystum samböndum eins og kom fram í kafla 20.7.5.2. Af þessu eru leiddar líkur að því að útblástur frá álverinu eftir fyrirhugaða stækkun muni hafa óveruleg áhrif á dýr sem lifa í jarðvegi.

Töluvert magn dvergbleikju lifir meðal annars í tjörnum við Straumsvík (sjá nánar í kafla 10.7). Ein tjarnanna, Brunntjörn, er staðsett innan þynningarsvæðis fyrir loftborna mengun. Bleikja er ein þriggja tegunda villtra laxfiska á Íslandi en rannsóknir hafa einkum beinst að áhrifum flúors á lax. Samkvæmt yfirlitsgrein um niðurstöður rannsókna á áhrifum flúormengunar frá álverum á lax, er styrkur flúors yfir 0,2 mg/l talinn skaða lax<sup>101</sup>. Þar sem styrkur flúors hefur ekki verið mældur í tjörnunum við

---

<sup>96</sup> Karl Skírnisson, 1993.

<sup>97</sup> Guðjón Atli Auðunsson, 1997.

<sup>98</sup> Árflot, 1981.

<sup>99</sup> Til dæmis Ævar Petersen og Gaukur Hjartarsson, 1993.

<sup>100</sup> Ongstad o.fl., 1994.

<sup>101</sup> Foulkens og Anderson, 1994.

Straumsvík er erfitt að meta hugsanleg áhrif fyrirhugðarar stækkunar álvers ISAL á þær og hvort hætta sé á uppsöfnun flúors eða annarra efna í tjarnirnar og í þau dýr sem þar lifa. Vegna mikils grunnvatnsstreymis og töluverðra sjávarfalla í tjörnunum má þó búast við því að mengunarefni staldri þar stutt við (sjá nánar í kafla 20.7.5.6) og því litlar líkur á því að efnin nái að safnast upp í lífverum sem þar lifa.

#### 20.7.5.5 LANDNOTKUN

Núverandi þynningarsvæði mun fylgja núverandi svæði takmarkaðrar ábyrgðar (**mynd 20.27**).

Nýir kerskálar verða reistir sunnan við og samsíða núverandi kerskála. Landið er á skipulögðu iðnaðarsvæði þar sem álver hefur verið starfrækt í meira en þrjá áratugi. Fyrirhuguð stækkun álversins er ekki talin hafa bein áhrif á nýtingu lands eða auðlindir á svæðinu.

Utan þynningarsvæðis verður ekki um takmörkun á landnotkun að ræða miðað við þá landnotkun sem fyrirhuguð er samkvæmt gildandi aðalskipulagi (aðalskipulag Hafnarfjarðar 1995-2015). Þetta á til dæmis við um áframhaldandi uppbyggingu iðnaðarsvæðis sunnan álversins, svo og útivistarsvæði vestan við það og golfvöll austan þess. Eins og kom fram í kafla 20.7.5.1 er föst búseta ekki heimil innan þynningarsvæðis fyrir loftborna mengun og mun álverið takmarka uppbyggingu íbúðabygðar vestar á Hvaleyrarholti líkt og nú er.

Mjög lítið er um skógrækt í nágrenni álversins. Helst má nefna skógrækt austan við Ástjörn, sem er í um 3,5 km fjarlægð suðaustur af því og lendir því utan þynningarsvæðisins. Áhrif á skógrækt eftir fyrirhugaða stækkun álversins eru því talin óveruleg.

#### 20.7.5.6 VATNAFAR

Af þeim efnum í útblæstri sem berast frá álverum er flúor talinn skaðlegastur ferskvötnum og lífríki þeirra. Brunntjörn og fleiri tjarnir eru innan þynningarsvæðis þar sem búist er við að flúor fari yfir loftgæðamörk ( $>0,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$ ). Vegna mikils grunnvatnsstreymis eru vatnsskipti í umræddum tjörnum ör, auk þess sem að í þeim gætir töluverðra sjávarfalla, sem búast má við að hreinsi hratt og vel mengunarefni sem berast í þær. Ef tekið er mið af framangreindu má leiða líkur að því að lítil hætta sé á að loftborin mengun hafi áhrif á tjarnirnar og sérstætt lífríki þeirra.

Áhrif útblásturs á grunnvatn eru mjög óveruleg þar sem uppruni grunnvatnsins er að langmestu leyti fjarri álverinu, samanber umfjöllun í kafla 10.2.1. Almennt má segja að áhrif atvinnustarfsemi á grunnvatnsgæðin séu minnst við ströndina vegna nálægðar útrenslis við sjóinn. Auk þess er svæðið við ströndina óheppilegra til vatnstöku en önnur svæði innar í landi vegna hættu á saltmengun frá sjónum<sup>102</sup>. Útblástur frá álverinu mun ekki hafa áhrif á gæði neysluvatns þar sem vatnstöku- og vatnsverndarsvæði eru 3-4 km suður af álverinu, utan þynningarsvæðis (**mynd 8.1**).

Yfirborðsvatn í næsta nágrenni álversins, til dæmis framangreindar tjarnir, hafa ekki verið vaktáðar með tilliti til styrk flúors. Því er erfitt að meta áhrif fyrirhugaðrar stækkunar álversins á ferskvatn. Þó er ljóst að þrátt fyrir að flúorstyrkurinn í tjörnunum aukist er talið að hann verði neðan þess styrks sem flúor má vera í neysluvatni. Í neysluvatni á styrkur flúors að vera  $<1,5 \text{ mg/l}$  við  $8-12^\circ\text{C}$ .

<sup>102</sup> Freysteinn Sigurðsson, 1998.



#### 20.7.5.7 FJARA OG SJÓR

Mögulegt er að efni í útblæstri frá álverinu geti að hluta til borist í fjöru og grunnsævi utan við iðnaðarsvæðið og eru PAH-efnin talin skaðlegust þeirra. Í rannsóknum við Straumsvík var dregin sú ályktun að stór hluti PAH-efna sem mældust í kræklingi og skúfþangi væru loftborin, en ekki eingöngu frá flæðigryfjum. Ekki er þó vitað hvaðan þau eru upprunnin<sup>103</sup>. Margar aðrar uppsprettur PAH-losunar eru á Straumsvíkursvæðinu, svo sem bílaumferð og annar iðnaður. Eins og fram kom í kafla 20.7.4.1 er áætlað ársmeðaltal loftborinna PAH-efna 0,001 µg/m<sup>3</sup> í rúmlega 2 km fjarlægð í norðurátt frá álverinu. Vegna þessa lága styrks eru litlar líkur taldar á því að loftborin PAH-efni safnist í það miklu magni í fjöru og grunnsævi í nágrenni álversins að lífríki geti skaðast.

Lítið er vitað um áhrif flúors á lífríki fjöru og sjávar og því erfitt að spá fyrir um hugsanleg áhrif aukins flúors í lofti eftir fyrirhugaða stækkun álversins. Náttúrulegur flúorstyrkur sjávar er nokkuð hár eða 1,3 mg/l<sup>104</sup>.

Loftborið brennisteinstvíoxíð breytist í sulfat (SO<sub>4</sub>) í sjó sem gerir það skaðlaust og sjór virkar því í raun sem náttúrulegur vothreinsibúnaður, auk þess sem náttúrulegur styrkur sulfats í sjó er mjög hár. Einnig má nefna að ör vatnsskipti vegna sterkra strauma utan við álverið hindra uppsöfnun þessara efna að hluta til. Af framangreindu eru leiddar líkur að því að skaðleg áhrif flúors og brennisteinstvíoxíðs á lífríki fjöru og sjávar séu óveruleg þrátt fyrir að magn þeirra í lofti aukist.

#### 20.7.6 SAMLEGÐARÁHRIF

Óvissa er um ýmsa þætti við fyrirhugaða færslu Reykjanesbrautar. Sem dæmi má nefna óvissu um hæð og legu brautar, tegund umferðar, magn og samsetningu mengunarefna, hlutfall þungaumferðar, staðsetning tengivega og staðsetningu mislægra gatnamóta. Af þessum sökum er erfitt að gera grein fyrir samlegðaráhrifum þessara framkvæmda á dreifingu mengunarefna.

#### 20.7.7 MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Ekki er talin þörf á sérstökum mótvægisáðgerðum vegna útblásturs umfram þann tækjabúnað sem dregur úr mengun og þegar hefur verið lýst.

#### 20.7.8 SAMANTEKT

Helstu niðurstöður loftdreifingarspár fyrir báða áfanga fyrirhugaðs álvers eru eftirfarandi:

- Samanburður við mælingar á Hvaleyrarholti sýnir að mengun í reiknilíkaninu, sem notað er við loftdreifingarspána, er yfirleitt hærri en mælingar sýna. Útreikningar ofmeta því mengun frá fyrirhuguðu álveri.
- Útreikningar fyrir skammtímameðaltöl þar sem notuð eru skammtímagildi fyrir útblástur ofmeta dreifingu mengunar. Ástæða þessa er að lítil líkindi eru á að

<sup>103</sup> Guðjón Atli Auðunsson, 1997.

<sup>104</sup> Ongstad o.fl., 1994; SFT, 1997.

útblastur með háum skammtímagildum eigi sér stað á sama tíma og veðurskilyrði eru óhagstæð.

- Skammtíma meðaltal brennisteinstvíoxíðs og meðaltal flúors yfir vaxtartíma gróðurs ákvarða stærð þynningarsvæðis. Tillaga að þynningarsvæði eftir stækkun álversins fellur innan svæðis takmarkaðrar ábyrgðar. Áhrifasvæði álversins stækkar því ekki frá því sem fyrir er.
- Allar kröfur íslenskrar mengunarvarnareglugerðar og Evrópusambandsins eru uppfylltar fyrir 460.000 t álver án vothreinsunar ef meðalútblastur brennisteinstvíoxíðs er minni en 15 kg og meðalútblastur flúors (F) er minni en 0,5 kg F/t af áli fyrir nýja hluta álversins.

Heildarniðurstaðan er því sú að innan núverandi þynningarsvæðis eru öll umhverfismörk útblásturs uppfyllt og þar af leiðandi ekki ástæða að setja upp vothreinsibúnað.

## 20.8 FRÁRENNSLI

Í starfsleyfi ISAL fyrir 200.000 t álver (**viðauki B1**) eru gerðar kröfur til fráveitumála samkvæmt mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 og ákvæðum í lögum um varnir gegn mengun sjávar (nr. 32/1986).

Vatn sem notað er til kælingar á áli getur verið mengað af olíum og því er það leitt í gegnum olúskilju áður en því er hleypt í sjó.

Skólpi er veitt í rotþrær þar sem það er meðhöndlað áður en það er leitt í sjó. Rotþrærnar eru tæmdar reglulega. Olúskiljur eru við öll frárennsli, meðal annars við verkstæði, aðalspennistöð og olúgeymi, og þær tæmdar af viðurkenndum aðilum. Afrennsli frá olúskiljum er leitt í sömu útrás og frárennsli frá starfsmannaaðstöðu. Áhrif skólps og annars frárennslis á umhverfið eftir fyrirhugaða stækkun álversins eru talin verða óveruleg vegna þess hve vel er staðið að hreinsun þess.

Almennt getur regnvatn mengast vegna efna á yfirborði iðnaðarlóðar. Hjá ISAL á þetta einkum við um ryk og flúor af þaki og næsta nágrenni kerskála. Í **töflu 20.3** er þessi losun áætluð samkvæmt BAT-skýrslu<sup>105</sup> en í henni er gert ráð fyrir að losun flúors með regnvatni af þökum og plönum sé innan við 0,02 kg F/t Al út í viðtaka.

**Tafla 20.3** Áætluð losun flúors í viðtaka með regnvatni.

Efni	Efnatákn	Viðtaki	Losun miðað við 330.000 t (kg)	Losun miðað við 460.000 t (kg)
Flúor	F	Sjór	< 6.600	< 9.200

Umhverfisáhrif vegna aukins flúors í yfirborðsvatni eftir fyrirhugaða stækkun álversins eru talin óveruleg vegna þess að um lítið magn er að ræða og vegna þess að náttúrulegt flúorinnihald sjávar er nokkuð hátt eða 1,3 mg/l.

### 20.8.1 DREIFING EFNA FRÁ HUGSANLEGUM VOTHREINSIBÚNAÐI

Í tengslum við fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík reiknaði Vatnaskil dreifingu mengunar í sjó yrði vothreinsibúnaður reistur við álverið (**viðauki A2**).

<sup>105</sup> European Commission, 2000.

Spáin var gerð fyrir rekstur vothreinsibúnaðar við 130.000 og 260.000 t stækkun álversins. Markmiðið með útreikningunum var að draga upp mynd af því hvaða mengandi efni fara í sjó með frárennsli vothreinsibúnaðar, í hve miklu magni og hver dreifing þeirra yrði í sjónum við álverið í samanburði við náttúrulegar aðstæður þar. Með þessum útreikningum er hægt að gera betur grein fyrir umhverfisáhrifum slíks búnaðar. Þá gefur þetta kost á að bera saman útbreiðslu loftborinnar mengunar sem og mengunar í sjó, annars vegar eingöngu með þurrhreinsibúnaði og hins vegar einnig með vothreinsibúnaði. Við útreikningana var notað sjávarstraumaforrit sem byggir á sjávarfallastraumum, en þeir eru ráðandi við álverið.

Við vothreinsun, þar sem fram fer þvottur á útblæstrinum með basískri lausn eins og sjó, hreinsast fyrst og fremst brennisteinstvíoxíð (SO<sub>2</sub>) úr útblæstrinum. Sjór hreinsar allt að 90% af SO<sub>2</sub> úr útblæstrinum en við hreinsunina flyst losunin úr andrúmslofti í sjó. Við þvottinn breytist SO<sub>2</sub> í sulfat (SO<sub>4</sub>), sem sjór er mjög ríkur af, og því óskaðlegt sjó og lífríki hans. Önnur efni skolast einnig út í sjó við vothreinsun eins og ryk, hluti af afgangsfliúornum og óverulegt magn af fjölarómatískum kolefnissamböndum (PAH-efni) og þungmálum. Þessi efni geta valdið staðbundinni mengun við útrás vothreinsibúnaðarins en þynnast venjulega fljótt út.

#### 20.8.1.1 FRÁRENNSLI OG STYRKUR EFNNA

Útreikningar á dreifingu mengunar í sjó voru gerðir fyrir eftirfarandi efni:

- Brennisteinstvíoxíð (SO<sub>2</sub>)
- Flúor (F)
- Súrefni (O<sub>2</sub>)
- Köfnunarefni (N)
- Fosfór (P)
- PAH-16 og Benzo(a)Pyren
- Svifagnir
- Sýrustig (pH)

Ekki var reiknuð dreifing þungmálma frá vothreinsibúnaði í sjó þar sem mælingar á styrk þeirra í sjávarlífverum í fjöru og í sjó sýna að óverulegt magn berst frá álveri ISAL<sup>106</sup> sem hefur verið í rekstri í yfir 30 ár. Í Noregi hafa rannsóknir við álver sýnt sömu niðurstöður<sup>107</sup>. Í BAT-skýrslunni kemur enn fremur fram að þungmálmur eru ekki taldir vandamál í tengslum við áliðnað.

Bakgrunnsstyrkur efnanna í sjó er sýndur í **töflu 20.4**. Styrkur efnanna í frárennsli vothreinsibúnaðar er sýndur í **töflu 20.5** og hefur grunnildi efnanna í sjó verið bætt við styrk í útrennsli sem kemur frá álframleiðslunni.

Í **viðauka A2** er gerð grein fyrir uppruna og magni PAH-efna í frárennsli álversins, en mörg PAH-efni setjast á svifagnir í sjónum.

**Tafla 20.4** Bakgrunnsstyrkur ýmissa efna í sjó.

Flúor mg/l	PAH** ng/g	Svifagnir mg/l	pH	Súrefni mg/l	Köfnunarefni µg/l	Fosfór µg/l
1,3	<0,5-14,7	0,30	8,2	9	60*	10*

\* Sumargildi

\*\* Grunnildin eru byggð á mælingum á magni PAH-efna í mjúkvef kræklinga utan við álver ISAL og mældist styrkur einstakra PAH-efna á þessu bili<sup>106</sup>.

<sup>106</sup> Guðjón Atli Auðunsson, 1997.

<sup>107</sup> Ongstad o.fl., 1994.

**Tafla 20.5** Styrkur í frárennsli (efnastyrkur í frárennsli + náttúrulegt grunnildi).

Framl. t/ári	Frárennsli m <sup>3</sup> /klst	SO <sub>2</sub> mg/l	F mg/l	PAH µg/l	B(a)P µg/l	Svifagnir mg/l	N µg/l	P µg/l	Hiti °C
330.000	2.840	120	1,9	2,8	0,03	1,1	237	26	15
460.000	5.680	120	1,9	2,8	0,03	1,1	167	20	15

Í dreifingarspánni er gert ráð fyrir að 90% af PAH-16 sé í upplausn og 10% séu bundin ögnum, en af B(a)P sé 10% í upplausn og 90% bundið ögnum. Útreikningar-  
nir eru gerðir fyrir tvo sethraða, annars vegar fyrir kornastærð 1 µm og hins vegar  
10 µm. Sethraði stærri agnanna er mun meiri en agna með kornastærð 1 µm.  
Styrkur PAH-16 og B(a)P í botnseti er einnig reiknaður. Í öllum tilfellum flyst það  
magn sem ekki fellur til botns út úr Hraunavík með sjávarstraumum. Þó má gera ráð  
fyrir að vegna mjög sterkra strauma utan við álver ISAL mun óverulegur hluti af því  
efni sem botnfellur safnast fyrir á botni þar sem búist er við að það dreifist með  
straumum og flytjist burt á dýpri svæði (sjá nánar í kafla 20.8.1.2).

### 20.8.1.2 DREIFING EFNA Í SJÓ

Niðurstöður dreifingar í sjó fyrir 330.000 t og 460.000 t álver eru sýndar á  
**myndum 20.28-20.34**. Á myndunum eru sýnd bein þynningarhrif utan við útrás  
hugsanlegs vothreinsibúnaðar miðað við 130.000 t og 260.000 t framleiðslu-  
aukningu. Sýndur er styrkur uppleysts súrefnis og reiknaður styrkur PAH-efna,  
ásamt því magni sem botnfellur fyrir 260.000 t framleiðslu. Sömu myndir fyrir  
130.000 t framleiðslu má sjá í **viðauka A2**. Ekki var unnt að útbúa mynd sem sýnir  
sýrustig sjávar við útrás vothreinsibúnaðar vegna þess hve það lækkar lítið umhverfis  
útrásina.

Helstu niðurstöður dreifingarspánna fyrir 330.000 t og 460.000 t álver (vothreinsunin  
eingöngu á nýja hlutanum, 130.000 t og 260.000 t) eru eftirfarandi:

#### **Svifagnir, flúor, fosfór og köfnunarefni**

Magn svifagna, flúors, fosfórs og köfnunarefna nær bakgrunnsstyrk í sjónum í næsta  
nágrenni útrásar.

#### **Súrefni**


Styrkur súrefnis fer niður fyrir metunarmörk á litlu svæði umhverfis útrás. Styrkur  
súrefnis er notaður til að leggja mat á losun brennisteinstvíoxíðs (sjá kafla 20.8.3.3).

#### **Sýrustig**


Vegna áhrifa frá karbónatkerfi sjávar lækkar sýrustig (pH) sjávar lítillega allra næst  
útrásinni en jafnast mjög fljótlega aftur í eðlilegan styrk.

#### **PAH-efni**


Styrkur PAH-16 í frárennslinu er áætlaður 2,8 µg/l. Til hliðsjónar eru íslensk við-  
miðunarmörk fyrir drykkjarvatn 0,1 µg/l. Vegna þynningaráhrifa af völdum mjög  
sterkra strauma og blöndunar sjávar verður mikil þynning PAH-efna út frá ströndinni  
og mun styrkur þeirra því minnka mjög hratt út frá útrásinni. Þegar komið er um  
200 m frá útrásinni er styrkurinn orðinn 0,028 µg/l frá 130.000 t stækkun en í um  
700 m fjarlægð frá henni frá 260.000 t stækkun (**myndir 20.28 og 20.29**).




**Mynd 20.28** Reiknuð þynning í sjó. Vothreinsun fyrir 130.000 t ársframleiðslu áls.



**Mynd 20.29** Reiknuð þynning í sjó. Vothreinsun fyrir 260.000 t ársframleiðslu áls.




**Mynd 20.30** Reiknaður styrkur súrefnis (mg/l). Vothreinsun fyrir 260.000 t ársframleiðslu áls.




**Mynd 20.31** Reiknaður styrkur PAH-16 í yfirborðslagi með þvermáli agna 10 µm. Vothreinsun fyrir 260.000 t ársframleiðslu áls.






**Mynd 20.32** Reiknaður styrkur B(a)P í yfirborðslagi með þvermáli agna 10 µm. Vothreinsun fyrir 260.000 t ársframleiðslu áls.



**Mynd 20.33** Reiknaður styrkur PAH-16 á botni með þvermáli agna 10 µm. Vothreinsun fyrir 260.000 t ársframleiðslu áls.



**Mynd 20.34** Reiknaður styrkur B(a)P á botni með þvermáli agna 10 µm. Vothreinsun fyrir 260.000 t ársframleiðslu áls.

Frá 130.000 t stækkun er gert ráð fyrir að á hverju ári berist 180 kg af PAH-16 og 1,8 kg af B(a)P til sjávar með frárennsli vothreinsibúnaðarins og 250 kg af PAH-16 og 2,5 kg af B(a)P fyrir 260.000 t stækkun.

Ef gert er ráð fyrir að setmyndunarhraði á grunnsævi við álverið sé um 1 mm/ári (algengur setmyndunarhraði um miðbik fjarða við Ísland<sup>108</sup>) og eðlisþyngd sets sé um 1.150 kg/m<sup>3</sup> má búast við að árleg uppsöfnun PAH-16 í seti frá 130.000 t stækkun verði meiri en 2.000 µg/kg á ári á svæði sem er ríflega 2,5 km breitt og nær um 0,8 km út frá ströndinni (Flokkur III og yfir, *veruleg til mjög mikil mengun*, samkvæmt norskum viðmiðunarreglum<sup>109</sup>). Búast má við að árleg uppsöfnun B(a)P í seti frá 130.000 t stækkun verði meiri en 50 µg/kg á ári á svæði sem er ríflega 5,5 km breitt og nær að meðaltali 1 km út frá ströndinni (Flokkur III og yfir, *veruleg til mjög mikil mengun*, samkvæmt norskum viðmiðunarreglum). Miðað við sömu forsendur má búast við að frá 260.000 t stækkun verði árleg uppsöfnun PAH-16 í seti meiri en 2.000 µg/kg á ári á svæði sem er ríflega 4 km breitt og nær um 1 km út frá ströndinni (Flokkur III og yfir, *veruleg til mjög mikil mengun*, samkvæmt norskum viðmiðunarreglum). Hvað B(a)P varðar má búast við að árleg uppsöfnun þess í seti frá 260.000 t stækkun verði meiri en 50 µg/kg á ári á svæði sem er ríflega 7 km breitt og nær að meðaltali 1 km út frá ströndinni (Flokkur III og yfir, *veruleg til mjög mikil mengun*, samkvæmt norskum viðmiðunarreglum).

<sup>108</sup> Andrews o.fl., í prentun.

<sup>109</sup> SFT, 1997.

Framangreind áætlun um uppsöfnun efnanna í seti verður að teljast mjög svartsýn þar sem reiknað er með setmyndun eins og á sér stað um miðbik fjarða. Á klettabotninum í Hraunavík utan við álver ISAL hefur reynst erfitt að finna fíngert set enda er setmyndun þar óveruleg. Eingöngu setjast til grófari efni, svo sem sandur og skeljabrot, í glufur og sprungur<sup>110</sup>. Ástæðan eru hinir sterku straumar á svæðinu sem hreinsa burt allt fíngerðara setefni sem til fellur og flytur út í Faxaflóa. Af þessu má ætla að PAH-efnin, sem koma frá hugsanlegum vothreinsibúnaði, flytjist með sterkum straumum burt úr Hraunavíkinni og dreifist út í Faxaflóa þar sem þau botnfalli að hluta. Í Faxaflóa er áætlað að PAH-efnin hafi þynnst að minnsta kosti þúsundfalt (**viðauki A2**).

Til að meta uppsöfnun efnanna í sjávarlífríki er í stað sjávarsets hægt að nota staðbundin botndýr á borð við krækling. Kræklingur sár sjó inn í sig við fæðuöflun og safnar þannig í vefi sína þeim hluta PAH-efna sem lífverur geta brotið niður. Þannig má búast við að kræklingur endurspegli þann hluta PAH-efna á ákveðnum stað á hverjum tíma. Mjög erfitt er að áætla uppsöfnun efnanna í kræklingi á grunnsævi utan við álver ISAL vegna þess að margir utanaðkomandi þættir hafa þar áhrif. Má þar helst nefna sterka sjávarstrauma. Búast má þó við að einhver uppsöfnun PAH-efna verði í staðbundum botndýrum á grunnsævi í nágrenni útrásar vothreinsibúnaðarins, en óvíst er á hve stóru svæði. Ef magn B(a)P (90% þeirra ásogast á agnir) sem safnast í krækling á ári fer yfir 1 µg/kg telst mengunin vera nokkur eða meiri (Flokkur I eða hærri samkvæmt norskum viðmiðunarreglum)<sup>111</sup>.


Heildarniðurstaða fyrir dreifingu efna í sjó frá hugsanlegum vothreinsibúnaði álvers ISAL, hvort heldur miðað er við 330.000 t ársframleiðslu eða 460.000 t, er sú að öll efni sem reiknað var fyrir, þynnst mjög hratt út frá útrásinni og ná bakgrunnsstyrk sjávar. Búast má hins vegar við að þrátt fyrir hina miklu þynningu PAH-efna muni hluti þeirra safnast í vefi staðbundinna lífvera í nágrenni útrásar vothreinsibúnaðarins, en óvíst er um magnið og á hve stóru svæði.

## 20.8.2 HUGSANLEGT ÞYNNINGARSVÆÐI Í SJÓ


Við óbreytt ástand, það er þurrhreinsibúnað og útblástur um stromp, er ekki þörf á að skilgreina þynningarsvæði í sjó. Verði hins vegar settur upp vothreinsibúnaður að auki, verður lækun uppleysts súrefnis og sýrustigs sjávar yfir íslenskum umhverfismörkum í næsta nágrenni útrásarinnar. Að öðru leyti liggja ekki fyrir umhverfismörk í íslenskum reglugerðum eða tilskipunum ESB til að nota við skilgreiningu þynningarsvæðis í sjó. Hér er gerð sú tillaga að miða stærð þynningarsvæðis í sjó við kröfur í norskum viðmiðunarreglum fyrir uppsöfnun PAH-efna og B(a)P í kræklingi<sup>111</sup>, enda eru umhverfisáhrif þessara efna talin mest af þeim efnunum sem eru í frárænni vothreinsibúnaða álvera. Á **myndum 20.35** og **20.36** er tillaga að þynningarsvæði í sjó verði tekin ákvörðun um að setja upp vothreinsibúnað, annars vegar fyrir 130.000 t framleiðsluaukningu (**mynd 20.35**) og hins vegar fyrir 260.000 t aukningu (**mynd 20.36**). Samkvæmt þessu flokkast öll svæði utan þynningarsvæðis í flokk II (*nokkur mengun*), flokk I (*óveruleg til lítil mengun*) eða *minna mengað* með tilliti til B(a)P-efna.

<sup>110</sup> Jörundur Svavarsson, Líffræðistofnun Háskólans, munnleg heimild í apríl 2002.

<sup>111</sup> SFT, 1997.



**Mynd 20.35** Tillaga að þýnningarsvæði í sjó verði sett upp vothreinsun fyrir 130.000 t ársframleiðslu áls.



**Mynd 20.36** Tillaga að þýnningarsvæði í sjó verði sett upp vothreinsun fyrir 260.000 t ársframleiðslu áls.

### 20.8.3 UMHVERFISÁHRIF FRÁRENNSLIS

Í kaflanum er gerð ítarleg grein fyrir umhverfisáhrifum frárennslis frá vothreinsibúnaði, meðal annars PAH-efna, næringarefna, súrefnis, flúors og annarra efna. Umfjöllunin í kaflanum á við um báða áfanga fyrirhugaðrar stækkunar álversins.

#### 20.8.3.1 PAH

Ákvörðun PAH-grunnilda í sjó var byggð á mælingum á magni PAH-efna í kræklingi utan við álver ISAL sumarið 1997<sup>112</sup>.

Í útreikningum á dreifingu PAH-efna er gert ráð fyrir að kornastærð svifagna sé 10 µm sem er talið varfærið mat með tilliti til setmyndunar (**viðauki A2**). Þar eru einnig sýndir útreikningar miðað við að kornastærð svifagna sé 1 µm. Útstreymi PAH-efna frá kerskálum þar sem forbökuð rafskaut eru notuð, líkt og í álveri ISAL, er mjög lítið. Að baki liggja fáar mælingar enda er ekki kveðið á um slíkt samkvæmt PARCOM<sup>113</sup>. Því er nokkur óvissa fólgin í mati á magni PAH-efna í frárennslis frá hugsanlegum vothreinsibúnaði, hve stór hluti þeirra mun setjast á agnir og hver kornastærð agnanna verður. Þær forsendur sem hér er gengið út frá eru taldar varfærnar með tilliti til magns PAH-efna og setmyndunar þeirra á grunnsævi utan við álverið.

Sjávarlífverur í nágrenni álvera sem búin eru vothreinsibúnaði geta tekið upp og safnað PAH-efnum, bæði á uppleystu formi og bundið ögnum, í vefi sína<sup>114</sup>. Uppsöfnun PAH-efna í lífverum þarf þó ekki að hafa neikvæð áhrif á þær því skaðsemi PAH-efna vex í hlutfalli við getu lífvera til að brjóta þau niður<sup>115</sup>. Skeldýr eins og kræklingar hafa litla getu til að brjóta niður PAH-efni á meðan fiskar hafa mun meiri niðurbrotshæfni og geta niðurbrotsefnin valdið DNA skemmdum í lifur þeirra og jafnvel krabbameinsæxlum<sup>116</sup>.

Þrátt fyrir að ýmsar rannsóknir hafi staðfest skaðsemi PAH-efna í lífverum verður að hafa í huga að áhrif efnanna í náttúrunni eru talin minni en magn þeirra gefur til kynna. Ástæðan er sú að PAH-efni bindast að stórum hluta sót- og rykögnum og verða þannig mun óaðgengilegri lífverum en ef þau væru eingöngu á uppleystu formi<sup>117</sup>. Auk þess minnkar geta lífvera til upptöku PAH-efna eftir því sem hlutfall lífræns kolefnis í seti er hærra<sup>118</sup>.

Við álver ISAL er hætta á skaðlegum áhrifum PAH-efna á sjávarlífverur almennt talin lítil. Verði hins vegar settur upp vothreinsibúnaður gæti átt sér stað uppsöfnun efnanna í kræklingi og öðrum staðbundnum botndýrum sem sía fæðuagnir úr sjónum eða éta lífrænar leifar af botni. PAH-efni frá hugsanlegum vothreinsibúnaði eru talin hafa óveruleg áhrif á lífverur á borð við fiska.

---

<sup>112</sup> Guðjón Atli Auðunsson, 1997.

<sup>113</sup> Sá hluti sammings um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR) sem fjallar um landættadar uppsprettur, er núna hluti af OSPAR.

<sup>114</sup> Knutzen, 1995; Næs o.fl., 1995; Næs, 1998; WHO, 1998.

<sup>115</sup> Bucheli og Fent, 1995.

<sup>116</sup> Til dæmis Beyer o.fl., 1997; Eiríkur Stephensen o.fl., 2000.

<sup>117</sup> Til dæmis Paine o.fl., 1996.

<sup>118</sup> Til dæmis Boese, 1995.

### 20.8.3.2 NÆRINGAREFNI

Næringarefni gegna mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar þar sem þau eru undirstaða frumframleiðslu plöntusvifs. Ef styrkur næringarefna, einkum köfnunarefnis og fosfórs, eykst mikið vegna athafna manna getur orðið ofauðgun sem hefur í för með sér mikinn plöntuþörungavöxt og jafnvel súrefnisþurrð<sup>119</sup>.

Aukinn styrkur köfnunarefnis (237 µg/l frá 130.000 t og 167 µg/l frá 260.000 t) og fosfórs (26 µg/l frá 130.000 t og 20 µg/l frá 260.000 t) á litlu svæði næst útrás hugsanlegs vothreinsibúnaðar er ekki líklegur til að valda ofauðgun eða öðrum neikvæðum áhrifum á vistkerfi sjávar á svæðinu. Í Noregi telst ástand sjávar mjög gott ef styrkur köfnunarefnis er undir 250 µg/l á sumrin en undir 295 µg/l á veturna og styrkur fosfórs minni en 12 µg/l á sumrin en 21 µg/l á veturna<sup>120</sup>.

### 20.8.3.3 SÚREFNI

Styrkur SO<sub>2</sub> í frárennsli vothreinsibúnaðar er áætlaður 120 mg/l. SO<sub>2</sub> hvarfast í sjónum og myndar brennisteinssýrling (H<sub>2</sub>SO<sub>3</sub>) sem aftur hvarfast við súrefni og myndar brennisteinssýru (H<sub>2</sub>SO<sub>4</sub>). Þessi efnahvörf eru frekar hæg en gert er ráð fyrir við útreikninga að hvörfin gerist strax við útrásarenda, sem gefur svartsýnismat á súrefnisþörf hvarfanna. Fyrir hver 64 g af SO<sub>2</sub> þarf 16 g af O<sub>2</sub>. Þetta samsvarar því að súrefnisþörf við útrásarenda sé 30 mg/l. Gert er ráð fyrir að sjórinn sé súrefnismettaður með styrk 9 mg/l eins og sýnt er í töflu 2 í **viðauka A2**. Styrkur súrefnis fer eingöngu undir metnunarmörk á litlu svæði umhverfis útrásina (en þó hvergi undir 8 mg/l).

Ekki er talið að lækun súrefnisstyrks niður fyrir 9 mg/l á litlu svæði næst útrás hugsanlegs vothreinsibúnaðar hafi neikvæð áhrif á vistfræði sjávar. Í Noregi telst ástand sjávar, með tilliti til súrefnisinnihalds, mjög gott þar sem styrkur þess er meiri en 4,5 mg/l.

### 20.8.3.4 RYK- OG SÓTAGNIR

Magn svifagna í grugglausn verður eingöngu meira en grunnildi á litlu svæði umhverfis útrásina. Talið er að lífríki sjávar utan við álver ISAL verði fyrir óverulegum áhrifum af völdum ryk- og sótagna og hafa mjög sterkir straumar þau áhrif að þær flytjast jafnóðum burt og dreifast því á mun stærra svæði en ef minni straumar væru til staðar.

### 20.8.3.5 FLÚOR

Flúor kemur bæði frá hugsanlegum vothreinsibúnaði og frá flæðigryfjum (sjá nánar í kafla 20.9). Náttúrulegur flúorsstyrkur sjávar er nokkuð hár, eða 1,3 mg/l<sup>121</sup>. Vegna þynningaráhrifa mun styrkur flúors í frárennsli vothreinsibúnaðarins, 1,9 mg/l, minnka mjög hratt í sjónum. Því er talið að flúor frá vothreinsibúnaði muni hafa hverfandi áhrif á lífríki sjávar utan við álver ISAL.

---

<sup>119</sup> Magnús Jóhannesson o.fl., 1995; Unnsteinn Stefánsson, 1991.

<sup>120</sup> SFT, 1997.

<sup>121</sup> Ongstad. o.fl., 1994; SFT, 1997.



#### 20.8.3.6 SÝRUSTIG (PH)

Eðlilegt sýrustig sjávar er á bilinu pH 7,8-8,4<sup>122</sup>. Vegna dúavirkni sjávar (buffer capacity) mun lágt sýrustig í frárennsli hugsanlegs vothreinsibúnaðar hækka og ná eðlilegu sýrustigi sjávar stuttu eftir að það rennur í sjóinn. Áhrif sýringar skolvatnsins á vistfræði sjávar eru því talin hverfandi.

#### 20.8.3.7 ÖNNUR EFNI

Styrkur annarra efna í frárennsli frá hugsanlegum vothreinsibúnaði, svo sem þungmálma, verður mjög lítil og undir bakgrunnsgildi efnanna í sjó fljótlega eftir að þau komast í snertingu við hann. Af þessari ástæðu eru áhrif efnanna á umhverfið talin óveruleg.

### 20.8.4 DREIFING LOFTMENGUNAR MEÐ VOTHREINSUN

Gerðir voru útreikningar fyrir dreifingu loftmengunar með mældum útblæstri fyrir 200.000 t álver (stærð samkvæmt starfsleyfi) og vothreinsun fyrir 130.000 t og 260.000 t stækkun, samtals 460.000 t ársframleiðslu (**viðauki A1**). Niðurstöðurnar eru sýndar fyrir brennisteinstvíoxíð (sóláhringsmeðaltal) og flúor (6 mánaða meðaltal á vaxtartíma gróðurs, apríl-september) en þessi efni eru ráðandi fyrir stærð þynningarsvæðis eins og áður hefur komið fram.

#### 20.8.4.1 DREIFING FYRIR 330.000 t ÁRSFRAMLEIÐSLU

Á **mynd 20.37** er reiknað sóláhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs og er þá gert ráð fyrir að útblástur sé 4 kg SO<sub>2</sub>/t af áli. Á myndunum má sjá að dreifing brennisteinstvíoxíðs er töluvert innan svæðis takmarkaðrar ábyrgðar. Á **mynd 20.38** er sýnd dreifing flúors fyrir vaxtartíma gróðurs með sömu forsendum og fyrr en áætlaður útblástur er 0,3 kg F/t af áli. Dreifing flúors minnkar hlutfallslega minna en fyrir SO<sub>2</sub> miðað við að ekki er notaður vothreinsibúnaður því vothreinsun hreinsar fyrst og fremst SO<sub>2</sub> úr lofti.

#### 20.8.4.2 DREIFING FYRIR 460.000 t ÁRSFRAMLEIÐSLU

Á **mynd 20.39** er reiknað sóláhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs og er þá gert ráð fyrir að útblástur sé 4 kg SO<sub>2</sub>/t af áli. Á **mynd 20.40** er sýnt sama tímabil nema að gert er ráð fyrir 8 kg SO<sub>2</sub>/t af áli. Á myndunum má sjá að dreifing brennisteinstvíoxíðs er töluvert innan svæðis takmarkaðrar ábyrgðar. Á **mynd 20.41** er sýnd dreifing flúors fyrir vaxtartíma gróðurs með sömu forsendum og fyrr en áætlaður útblástur er 0,3 kg F/t af áli. Dreifing flúors minnkar hlutfallslega minna en fyrir SO<sub>2</sub> miðað við að ekki er notaður vothreinsibúnaður því vothreinsun hreinsar fyrst og fremst SO<sub>2</sub> úr lofti.

### 20.8.5 SAMANBURÐUR Á VOTHREINSUN OG ÞURRHREINSUN


Í **töflu 20.6** má sjá samanburð á helstu kostum og göllum þurrhreinsunar og vothreinsunar.

Samkvæmt BAT-skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eru flest álver með þurrhreinsibúnað og er það álitin besta fánleg tækni fyrir álver (BAT). Í skilgreiningu á BAT-tækni fyrir áliðnaðinn er ekki gert ráð fyrir vothreinsibúnaði enda

---

<sup>122</sup> Unnsteinn Stefánsson, 1991.


flytur vothreinsibúnaður eingöngu mengun úr einum fasa yfir í annan. Þó er bent á að ástæða þykir til að mæla með búnaðinum þar sem sérstakar landfræðilegar aðstæður krefjast þess og/eða styrkur brennisteinstvíoxíðs í lofti er hár eða fer yfir landsbundin loftgæðamörk.



**Mynd 20.37** Reiknað sólarhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs miðað við vothreinsun og 4 kg SO<sub>2</sub> á hvert framleitt áltonn fyrir stækkun álversins (130.000 t).

Í starfsleyfum norskra álvera er gerð krafa um vothreinsibúnað til að hreinsa brennisteinstvíoxíð úr útblæstri. Þessi krafa hefur ekki verið gerð hér á landi, heldur hefur hvert og eitt tilfelli verið metið út af fyrir sig með tilliti til staðhátta og dreifingar mengunar, eins og gert er ráð fyrir samkvæmt BAT. Ástæða þess er sú að á stöðum þar sem blöndun lofts er mikil vegna veðurfarslegra skilyrða má uppfylla markmiðið, um að valda hvorki mönnum, gróðri eða öðrum lífverum á svæðinu skaða, án notkunar vothreinsibúnaðar. Í þessu sambandi má benda á að þar sem umhverfisskilyrði eru hagstæð getur þvottur á SO<sub>2</sub> orðið nokkuð sjálfkrafa, þegar útblástur

berst yfir sjó eða í rigningu. Það kann að hljóma sem minni kröfur séu gerðar í starfsleyfum álvera hér á landi en í Noregi. Í því sambandi er þó gagnlegt að horfa til ástæðu þessarar kröfu í Noregi og einnig hvaða kröfur Evrópusambandið gerir varðandi bestu fánlega tækni í áliðnaði.




**Mynd 20.38** Reiknað meðaltal flúors yfir vaxtartímabil gróðurs (apríl-september) miðað við vothreinsun og 0,3 kg flúor í útblæstri á hvert framleitt áltónn fyrir stækkun álversins (130.000 t).

Í Skandínavíu hefur súrt regn valdið talsverðum skógardauða og skaðað lífríki í vötnum. Uppsprettur þessarar mengunar eru að stærstum hluta utan svæðisins eða á Kólaskaga og í Mið- og Austur-Evrópu. Vandinn í Noregi og Svíþjóð er mikill vegna þess að vötnin eru rýr af bíkarbónati vegna kalklítills berggrunnis. Geta þeirra til að hlutleysa síru er því lítil<sup>123</sup>. Í Noregi eru öll álver skyldug til að koma upp vot-


<sup>123</sup> Danmarks Naturfredningsforening, 1989.

hreinsibúnaði í stað þess að meta hvert svæði út af fyrir sig. Ástæða þess er frekar pólitískis eðlis en þó byggð á athugunum á afleiðingum mengunarinnar. Rétt er að hafa í huga að nær öll álver Noregs byggðust upp með svokallaðri Söderberg tækni, sem gerir það að verkum að tjöru- og bikmengun frá framleiðslunni sjálfri er margföld á við það sem kemur frá álverum með forbökudum skautum. Þessum álverum er mörgum verið að breyta að hluta til eða alveg. Krafan um vothreinsibúnað við öll álver í Noregi veldur því að rekstrarkostnaður norskra álvera er töluvert hærri en annarra álvera. Norðmenn hafa því verið duglegir við að reyna að fá samþykki fyrir því á alþjóðavettvangi að skylda notkun vothreinsibúnaðar. Þessi barátta hefur þó gengið erfiðlega sem endurspeglast í nýrri skilgreiningu á BAT-tækni fyrir ál-iðnaðinn.



**Mynd 20.39** Reiknað sólarhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO<sub>2</sub>) miðað við vothreinsun og 4 kg SO<sub>2</sub> á hvert framleitt áltonn fyrir stækkun álversins (260.000 t).






**Mynd 20.40** Reiknað sólarhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO<sub>2</sub>) miðað við vothreinsun og 8 kg SO<sub>2</sub> á hvert framleitt áltönn fyrir stækkun álversins (260.000 t).

Aðstæður á Íslandi eru á margan hátt ólíkar því sem er í Noregi. Til að mynda er súr úrkoma ekki vandamál hér á landi og áhrifa frá iðnaðarsvæðum Evrópu gætir lítið. Þá er íslenskur berggrunnur yfirleitt basískur og því ekki eins viðkvæmur fyrir brennisteinsmengun eins og til dæmis berggrunnur Noregs og Svíþjóðar. Þess má geta að basískur berggrunnur landsins veldur því að grunnvatn hérlendis fer víða yfir pH 8,5. Til samanburðar má geta þess að í Skandínavíu, þar sem súrt regn fellur, hafa vötn víða sýrustig á bilinu pH 4-5<sup>124</sup>.

Skipulagsstofnun telur að jafngildishljóðstig muni breytast óverulega í kjölfar framkvæmda við stækkun álversins, en tekur undir ábendingar um að ónæði muni óhjákvæmilega aukast vegna aukinnar starfsemi á lóð álversins. Nauðsynlegt sé því að haga skipulagi og allri hönnun lóðar og mannvirkja með það í huga að hávaði og ónæði af völdum starfseminnar í íbúðarbyggð og á útivistarsvæðum verði sem minnst. Einnig er rétt að hafa í huga að hugsanlegt er að hljóðstig hafi að einhverju leyti verið vanmetið þar sem ekki reyndist unnt að meta samlegðaráhrif frá annarri framtíðarlandnotkun á nærliggjandi svæðum, s.s. vegna hávaða frá umferð um Reykjanesbraut.

## ÁHRIF Á SAMFÉLAG

Í matsskýrslu ÍSAL kemur fram að gert sé ráð fyrir að föstum störfum að loknum fyrri áfanga fjölgi um 180 en að loknum seinni áfanga um 140 til viðbótar. Miðað við núverandi reynslu muni ársverkum fjölga um 8% umfram fjölda starfa og verði því fjölgun ársverka vegna stækkunarinnar tæplega 350. Útreikningar sýni að fyrir hvert nýtt ársverk í álverinu muni skapast 2,0–2,8 ársverk í óbeinum og afleiddum störfum. Því megi áætla að heildarstarfsemi ÍSAL, að lokinni stækkun, muni standa á bak við um 2.800-3.400 ársverk á höfuðborgarsvæðinu og að 5.600-6.800 manns muni þá hafa framfæri sitt af starfsemi álversins með beinum, óbeinum og afleiddum hætti. Áhrif stækkunar álversins verði mun víðtækari á atvinnu- og efnahagslíf svæðisins en sköpun nýrra starfa ein og sér gefi til kynna. Að öðru jöfnu muni fyrirhuguð stækkun leiða til hagkvæmari reksturs álversins, aukinna tekna og bættrar afkomu margra þjónustuaðila, stuðla að hækkingu launa á svæðinu og bæta hag sveitarfélaga.

Í matsskýrslu kemur fram að áætlun ÍSAL um aukningu í innlendum kostnaði á ári vegna stækkunar álversins séu um 10,8-10,9 milljarðar króna á ári. Stækkun álversins í Straumsvík muni stuðla að auknum útflutningi landsmanna, líklega um 10% fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda. Einnig sé talið að rekstur álversins muni leiða til þess að viðskiptajöfnuður verði hagstæðari en ella fyrstu árin. Þá sé talið að langtímaáhrif að loknum framkvæmdum verði að þjóðar- og landsframleiðsla hækki um nálægt 1%.

## VÖKTUN UMHVERFISÁHRIFA OG KOSTIR TIL MÓTVÆGIS

Í matsskýrslu ÍSAL er greint frá fyrirhugaðri vöktun umhverfisáhrifa af völdum rekstrar álversins. ÍSAL áformar að mæla flúor, brennisteinstvíoxíð og svifryk í andrúmslofti á Hvaleyrarholti árið 2002 og að standa vor og haust að mælingum á flúor í grasi víðsvegar innan 12 km radíus frá álverinu. Einnig fyrirhugar ÍSAL að kanna áhrif kerbrotaurðunar á fjöru og sjávarlífríki tvisvar á líftíma hvefrrar flæðigryfju. Þá fyrirhugar ÍSAL að mæla flúor árlega í vatni á 8 stöðum á höfuðborgarsvæðinu.

Í frumdrögum Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi fyrir stækkað álver kemur fram að ÍSAL skuli standa að mælingum á flúor í andrúmslofti á einum mælistað og árlegum mælingum á flúor í gróðri í nágrenni álversins. Einnig skuli ÍSAL taka þátt í reglubundnum mælingum á brennisteinstvíoxíði og svifryki í andrúmslofti á einum mælistað.

Í umsögnum og athugasemdum hefur verið bent á þörf á að vakta sérstaklega loftmengun á Álftanesi og við íbúðarbyggð í Hafnarfirði, áhrif á sjó og sjávarlífverur og lífríki ísaltra tjarna nærri álverinu.

Í matsskýrslu er kynntur samanburður á mati á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar við aðra kosti varðandi einstaka þætti framkvæmda og rekstrar, s.s. notkun vothreinsibúnaðar og urðun kerbrota á landi. Auk þess hefur komið fram að unnt geti verið að nota lokað kælikerfi. Skipulagsstofnun lítur svo á að þær upplýsingar séu mikilvægur grundvöllur til skoðunar á hugsanlegum mótvægisáðgerðum leiði vöktun í ljós að frekari aðgerða sé þörf til að draga úr mengun frá starfsemi álversins.

Í umsögnum og athugasemdum hafa komið fram skiptar skoðanir um hvort koma þurfi upp vothreinsibúnaði á útblástur álversins. Bent hefur verið á að álverið er skammt frá þéttbýlinu í Hafnarfirði og með hagsmuni íbúanna að leiðarljósi beri að takmarka útblástur varasamra efna. Andmælendur vothreinsibúnaðar hafa hins vegar lagt á það áherslu að frárennsli vothreinsibúnaðar kunni að hafa skaðleg áhrif á lífríki sjávar, einkum á mjög sérstætt lífríki tjarna á Straumsvíkursvæðinu. Í svörum ÍSAL kemur fram að út frá reynslu af rekstri álvers í Straumsvík sé ekki ástæða til að koma upp vothreinsibúnaði á útblástur stækkaðs álvers. Bent er á að vothreinsun teljist ekki til BAT tækni þar sem hún færi losun efna úr einum fasa yfir í annan, þ.e. úr lofti í sjó. Hollustuvernd ríkisins telur í umsögn sinni vothreinsun síðri kost vegna viðkvæms lífríki Straumsvíkur og tjarnanna þar ásamt nálægð við Hvaleyrarlón, annað viðkvæmt og verðmætt svæði. Stofnunin telur vothreinsun líklegri til að hafa meiri áhrif á lífríki Straumsvíkur og tjarnanna þar en þurrhreinsun. Skipulagsstofnun telur vothreinsibúnað á útblástur álversins, eins og honum er lýst í framlögðum gögnum ÍSAL, koma til greina til hreinsunar á útblæstri frá verksmiðjunni. Skipulagsstofnun bendir á að, með hliðsjón af umsögn Hollustuverndar ríkisins, verði slík hreinsun fyrir valinu er hugsanlegt að leiða þurfi frárennsli frá vothreinsibúnaðinum frá landi svo viðkvæmu lífríki stafi ekki hættu af því.

Eins og nánar er fjallað um framar í 5. kafla þessa úrskurðar telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að sérstaklega verði fylgst með dreifingu og styrk brennisteinstvíoxíðs við íbúðarbyggð í Hafnarfirði, dreifingu og styrk flúors vestast á Álftanesi og við suðurmörk þynningarsvæðis í Kapelluhrauni. Einnig telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að sérstaklega verði rannsökuð hugsanleg áhrif loftborinnar mengunar og urðunar í flæðigryfjum á sjó og lífríki sjávar í nágrenni álversins. Skipulagsstofnun telur að fyrir liggja að aðrir kostir komi til álita, s.s. vothreinsun, urðun kerbrota á landi og lokað kælikerfi, leiði vöktun í ljós óásætlanleg umhverfisáhrif. Nánari ákvarðanir um vöktun umhverfisáhrifa, varðandi tíðni mælinga, mælistaði, vöktunarþætti og annað fyrirkomulag, sem og framfylgd og eftirlit eru á höndum starfsleyfisveitanda, Hollustuverndar ríkisins.

## **NIÐURSTAÐA**

ÍSAL hefur tilkynnt stækkun álversins í Straumsvík í tveimur áföngum til athugunar

Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Álverið í Straumsvík er staðsett í næsta nágrenni þéttbýlisins á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem náttúruverndarsvæði eru í nágrenni álverslóðar og þynningarsvæðis umhverfis álverið. Skipulagsstofnun telur þessar aðstæður kalla á að vel verði fylgst með mengun frá álverinu með viðeigandi vöktun hvað varðar tíðni, vöktunarþætti og staðsetningu mælistaða. Ennfremur telur Skipulagsstofnun að fyrir liggi raunhæfar hugmyndir um mótvægisáðgerðir leiði vöktun í ljós óásættanleg umhverfisáhrif. Skipulagsstofnun telur að nánari fyrirmæli um slíka vöktun og eftirlit með henni og fyrirmæli um mótvægisáðgerðir vegna niðurstaðna vöktunar sé á höndum starfsleyfisveitanda, Hollustuverndar ríkisins.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að þrátt fyrir að álver hafi verið rekið í Straumsvík til þriggja áratuga virðist enn ósvarað þýðingarmiklum spurningum um hugsanleg áhrif loftborinnar mengunar og kerbrotagryfja á sjó og lífríki sjávar. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að þessu verði sinnt sérstaklega í starfsleyfi fyrir stækkað álver, m.a. til að undirbyggja það mat á kerbrotaförgun sem skuli liggja fyrir árið 2009 samkvæmt tilskipun 99/31/EC.

Varðandi losun gróðurhúsalofttegunda frá stækkuðu álveri áréttar Skipulagsstofnun það sem fram hefur komið í umsögnum umhverfis- og iðnaðarráðuneyta við mat á umhverfisáhrifum álvers á Grundartanga og álvers í Straumsvík. Það varðar annarsvegar að íslensk stjórnvöld telja afar líklegt að losun koltvíoxíðs vegna stækkunar álversins í Straumsvík geti rúmast innan losunarhámarks sérákvæðis Kyoto-bókunar Rammasamnings um loftslagsbreytingar á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar, en endanleg ákvörðun um nýtingu losunarkvóta sérákvæðisins sé á höndum iðnaðarráðherra. Hinsvegar að losun flúorkolefnissambanda umfram þau mörk sem ríkisstjórn Íslands hefur markað stefnu um kalli á að viðkomandi framleiðandi geri viðeigandi ráðstafanir til að mæta því í samráði við stjórnvöld.

Stækkun álvers í Straumsvík er háð öðrum framkvæmdum sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum, s.s. framkvæmdum við orkuvinnslu og orkuflutning ásamt færslu Reykjanesbrautar. Í athugasemdum hefur verið minnt á þörf þess að líta heildstætt á umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Skipulagsstofnun tekur undir það og telur mikilvægt að umhverfisáhrif áætlanagerðar um tiltekna málaflokka, s.s. samgöngur, iðnað og orkuframleiðslu, séu metin sem og umhverfisáhrif landnotkunarskipulags tiltekinnar svæða. Skipulagsstofnun minnir hinsvegar á að viðfangsefni málsmeðferðar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er bundin við einstakar framkvæmdir sem matsskyldar eru skv. þeim lögum og viðkomandi framkvæmdaraðili leggur fram til mats.

Varðandi skipulagsgerð og leyfisveitingar vegna framkvæmda við stækkun álvers ÍSAL og rekstur bendir Skipulagsstofnun á:

1. Framkvæmdin er í samræmi við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2024, sem samþykkt hefur verið af viðkomandi sveitarfélögum en hefur ekki hlotið staðfestingu umhverfisráðherra og því ekki tekið gildi. Skipulagsstofnun vekur þó athygli á því að samkvæmt svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir breyttri landnotkun frá því sem verið hefur innan þynningarsvæðis álversins, þ.e. að í stað iðnaðarlandnotkunar eingöngu verði gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi einnig. Skipulagsstofnun telur að slík landnotkun samræmist ekki að öllu leyti skilgreiningu svæðisins sem þynningarsvæðis álversins.

2. Framkvæmdin kallar á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015. Stækkun lóðar ÍSAL kallar á færslu Reykjanesbrautar og breytta afmörkun iðnaðarsvæðis í aðalskipulaginu. Þynningarsvæði samkvæmt aðalskipulagi helst hinsvegar óbreytt.
3. Framkvæmdin kallar á gerð deiliskipulags fyrir lóð og athafnasvæði álversins. Skipulagsstofnun telur brýnt að í deiliskipulagi verði sérstaklega hugað að eftirfarandi atriðum:
  - a. Aðbúnaði og aðgengi að kapellurúst.
  - b. Staðsetning vega verði ákveðin að höfðu samráði við Fornleifavernd ríkisins á grundvelli áður gerðar fornleifaúttektar.
  - c. Afmörkun, frágangi og annarri útfærslu flæðigryfja að teknu tilliti til þess að endurskoða þarf núverandi urðunarfyrikomulag fyrir árið 2009.
  - d. Yfirbragð og ásýnd svæðisins og mannvirkja á lóð álversins m.t.t. áhrifa á landslag og sjónrænna áhrifa frá vegum, íbúðarbyggð og útivistarsvæðum.
  - e. Hljóðvist utan lóðar, sérstaklega í íbúðarbyggð og á útivistarsvæðum.
4. Framkvæmdir og rekstur vegna stækkunar álversins eru háð leyfisveitingum Hafnarfjarðarbæjar skv. skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins<sup>35</sup>
5. . Iðnaðarráðherra fer með losunarheimildir koltvíoxíðs vegna sérákvæðis Kyoto-bókunar Rammasamnings um loftslagsbreytingar.

Á grundvelli gagna ÍSAL lögðum fram við athugun Skipulagsstofnunar, umsagna, athugasemda og svara ÍSAL við þeim er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð stækkun álvers ÍSAL í Straumsvík í 460.000 tonn í tveimur áföngum muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, að teknu tilliti til niðurstöðu Skipulagsstofnunar í þessum kafla úrskurðarins og þeirra skilyrða sem lýst er í 6. kafla þessa úrskurðar.



## 6. ÚRSKURÐARORÐ

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram samkvæmt 10. gr. sömu laga af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til niðurstöðu Skipulagsstofnunar sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er fallist á fyrirhugaða stækkun ÍSAL í Straumsvík með framleiðsluaukningu í 1. áfanga í allt að 330.000 tonn á ári og framleiðsluaukningu í 2. áfanga í allt að 460.000 tonn á ári, eins og framkvæmdin er kynnt í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila með eftirfarandi skilyrðum:

1. ÍSAL standi að reglubundnum mælingum á styrk brennisteinstvíoxíðs í andrúmslofti í þeim hluta íbúðarbyggðar í Hafnarfirði sem næstur er álverinu. Leiði vöktun í ljós að styrkur brennisteinstvíoxíðs sé yfir umhverfis- eða viðvörunarmörkun brennisteinstvíoxíðs, sbr. viðauka I með reglugerð nr. 251/2002, skal ÍSAL grípa til viðeigandi ráðstafana. Mælingar og ákvörðun um mótvægisáðgerðir skulu vera í samráði við og undir eftirliti Hollustuverndar ríkisins.
2. ÍSAL standi að reglubundnum mælingum á styrk flúors á þeim stöðum þar sem helst má vænta að viðmiðunarmörkum verði náð utan þynningarsvæðis. Séð verði til þess að útblástursmörk flúors verði nægjanlega lág til að unnt verði að tryggja að ársmeðaltal flúors í lofti fari ekki yfir  $0,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$  utan núverandi þynningarsvæðis á landi, sbr. afmörkun þess í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015. Mælingar og ákvörðun um mótvægisáðgerðir skulu vera í samráði við og undir eftirliti Hollustuverndar ríkisins.
3. Áður en kemur til leyfisveitinga til rekstrarins fyrir tímabilið 2008-2012 hafi ÍSAL samráð við iðnaðarráðuneytið um mótvægisáðgerðir vegna losunar flúorkolefnissambanda 2008-2012 umfram þau mörk sem ríkisstjórn Íslands hefur markað stefnu um varðandi losun flúorkolefnissambanda frá álverum vegna skuldbindinga samkvæmt Kyoto-bókuninni.
4. Áður en ákvörðun verður tekin um framtíðarfyrirkomulag förgunar kerbrota, sbr. kröfur í tilskipun Evrópusambandsins nr. 99/31/EC, afli ÍSAL upplýsinga um styrk sýaníðs frá flæðigryfjum í samráði við og undir eftirliti Hollustuverndar ríkisins.

## 7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 106/2000 má kæra úrskurð Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 4. september 2002.

Reykjavík, 26. júlí 2002.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

# VIÐAUKI 5

## BAT kröfur ISAL

Tafla sem sýnir hvaða valkostir eru nýttir til að uppfylla bestu fánlegu tækni

Kafli	BAT nr.	Lýsing	Hvernig uppfyllt
1.1. General BAT conclusions	<b>BAT1</b>	Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta, fánlega tækni að hrinda í framkvæmd og fylgja umhverfisstjórnunarkerfi sem felur í sér alla eftirfarandi þætti: - <b>sjá lista</b>	ISAL er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001 og það uppfyllir öll atriði sem talin eru upp
1.1. General BAT conclusions	<b>BAT 2</b>	Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt er besta, fánlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir - <b>sjá lista í BAT</b>	Sú aðferð sem ISAL velur í orkustjórnun eru: a) ISO 50001 er að stórum hluta uppfyllt þó ekki sé kerfið vottað n) Mjög orkunýtnir rafmagnshreyflar, almennt eru mótórar með tíðnibreytum eða stjórnkerfi til að besta notkunina/virkni o) Stýrikerfi, sem virkja loftútsogskerfið sjálfkrafa eða aðlaga útsogskraftinn að eiginlegri losun, eru notuð sem dæmi burrhreinsistöðvar
1.1. General BAT conclusions	<b>BAT 3</b>	Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta, fánlega tækni að tryggja stöðuga vinnsluáðgerð með því að nota vinnslustjórnunarkerfi ásamt samblandi af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir - <b>sjá lista í BAT</b>	Sú aðferð sem ISAL velur í framleiðslustýringu: d) Búnaður til að stjórna mótunarhraða á mikilvægum framleyðslubreytum e) Vöktun (e. on-line monitoring) á hitastigi ofna, þrýstingi og loftstreymi l) Vöktun á straumi, spennu og hitastigi rafgreiningarferlinu
1.1. General BAT conclusions	<b>BAT 4</b>	Í því skyni að draga úr losun ryks og málma, sem beint er í tiltekinn farveg frá vinnslu, í andrúmsloft er besta, fánlega tækni að nota viðhaldsstjórnunarkerfi sem tekur sérstaklega á afkastagetu rykhreinsunarkerfa sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá besta, fánlega tækni 1)	Allar síur eru í fyrirbyggjandi viðhaldi
1.1. General BAT conclusions	<b>BAT 5</b>	Í því skyni að koma í veg fyrir eða, ef þetta er ekki mögulegt, að draga úr dreifðri losun í andrúmsloft og vatn, er besta fánlega tækni að safna saman dreifði losun, eins nálægt upptökum hennar ogunnt er, og meðhöndla hana.	Afsog er þar sem þess er þörf
1.1. General BAT conclusions	<b>BAT 6</b>	Í því skyni að koma í veg fyrir eða, ef þetta er ekki mögulegt, að draga úr dreifðri losun ryks í andrúmsloft er besta, fánlega tækni að koma aðgerðaáætlun um dreifða losun ryks á fót og í framkvæmd sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá besta, fánlega tækni 1), sem felur í sér báðar eftirfarandi ráðstafanir: a. að greina þau upptök ryklosunar sem skipta mestu máli (nota t.d. EN 15445), b. að skilgreina og innleiða viðeigandi aðgerðir og tækni til að koma í veg fyrir eða draga úr dreifði losun innan tiltekins tímaramma.	Sérstakt verkefni í gangi sem lítur að því að greina uppsprettur og lágmarka dreifða losun frá þeim.
1.1. General BAT conclusions	<b>BAT 7</b>	Í því skyni að koma í veg fyrir dreifða losun frá geymslu hráefna er besta, fánlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir. - <b>Sjá lista í BAT</b>	Sú aðferð sem ISAL velur til að draga úr dreifðri losun a) Til að lágmarka dreifða losun frá súráli er það geymt í sílóum og flutt í kerksála með þéttflæðiskerfi. Álfliúrið kemur í gámum og er flutt í lokuðu kerfi í kerskála. f) Afsogsbúnaður notaður við löndun súráls og þar sem súrál fer á þurrhreinistöðvar og í kerkskála j) Oliutankar eru með hæðarmælingu og aðvörðun til að koma í veg fyrir yfirfyllingu k) Oliutankar eru í lekavörn sem tekur rúmtak annars tanksins

Kafli	BAT nr.	Lýsing	Hvernig uppfyllt
1.1. General BAT conclusions	BAT 8	Í því skyni að koma í veg fyrir dreifða losun frá meðhöndlun og flutningi hráefna er besta, fánlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir. - <b>sjá lista</b>	Sú aðferð sem ISAL velur til að draga úr dreifðri lousn við meðhöndlun efna: a) Lokuð færribönd og þéttfæðikerfi eru notuð til að flytja súral og álflúoríð. C) ryk er sogað af fleytirennum og afhendingar stöðum t.d. af kerum kerskála og þurrhreinistöðvum. O) Götusúpun er skipulögð að lágmarki árlega þegar snjóa leysir og þegar þurfa bykir
1.1. General BAT conclusions	BAT 9	Í því skyni að koma í veg fyrir eða, ef þetta er ekki mögulegt, draga úr dreifðri losun frá framleiðslu málma er besta, fánlega tækni að hámarka skilvirkni afloftssöfnunar og meðhöndlun með því að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir - <b>sjá lista</b>	Sú aðferð sem ISAL notar er: b) Ofninn er lokaður með afsogskerfi c) Ofnin er lokaður með afsog við ofnhurðinni og einnig þar sem áli er hellt inn í hann d) Afstog er af ofnhurðinni þar sem m.a. gjall er skafið úr ofninum
1.1. General BAT conclusions	BAT 10	Besta, fánlega tækni er að vakta losun úr reykþáfi í andrúmsloft með a.m.k. þeirri tíðni sem er tilgreind hér á eftir og í samræmi við EN-staðla. Ef EN-staðlar eru ekki fánlegir er besta, fánlega tækni að nota staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust	Sískráning í stompum þurrhreinistöðva fyrir ryk, flúorgas, flæði og hitastig. SO2 er reiknað út frá massajafnvægi Flestar aðrar ryk uppsprettur eru með sískráningar á ryki  Við handmælingu á ryki er notaður staðallinn EN 13284-1
1.1. General BAT conclusions	BAT 11	In order to reduce mercury emissions to air (other than those that are routed to the sulphuric acid plant) from a pyrometallurgical process, BAT is to use one or both of the techniques given below - <b>sjá lista</b>	Á ekki við
1.1. General BAT conclusions	BAT 12	In order to reduce emissions of SO <sub>2</sub> from off-gases with a high SO <sub>2</sub> content and to avoid the generation of waste from the flue-gas cleaning system, BAT is to recover sulphur by producing sulphuric acid or liquid SO <sub>2</sub> .	Á ekki við
1.1. General BAT conclusions	BAT 13	Í því skyni að koma í veg fyrir losun köfnunarefnisoxíðs (NOX) í andrúmsloft frá málmvinnslu með hita er besta, fánlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir - <b>sjá lista</b> .	Á ekki við
1.1. General BAT conclusions	BAT 14	Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr myndun skólps er besta, fánlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim. <b>sjá lista</b>	ISAL notar eftirfarandi tækni: a) Þ.e. Vatnsmagn sem notað er mælt. Heildarvatnsmagn í frárennsli er mæld vatnsnotkun að viðbættu útreiknuðu frárennsli vegna rigningar.
1.1. General BAT conclusions	BAT 15	Í því skyni að koma í veg fyrir mengun vatns og til að draga úr losun í vatn er besta, fánlega tækni að aðskilja ómengið skólpsstrauma frá skólpsstraumum sem þurfa meðhöndlun.	Straumar eru ekki aðskildir hjá ISAL. Að aðskilja straumana mun valda óhóflegum kostnaði
1.1. General BAT conclusions	BAT 16	Besta, fánlega tækni er að nota ISO 5667 fyrir sýnatöku úr vatni og vakta losun í vatn, á staðnum þar sem losunin fer út úr stöðinni, a.m.k. einu sinni í mánuði <sup>(1)</sup> og í samræmi við EN-staðla Ef EN-staðlar eru ekki fánlegir er besta, fánlega tækni að nota staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.	Sýni eru tekin árlega frá hverjum brunni og send á innlenda rannsóknastofu til efnagreiningar. Viðurkenndar aðferðir eru notaðar við efnagreiningu.

Kafli	BAT nr.	Lýsing	Hvernig uppfyllt
1.1. General BAT conclusions	BAT 17	Í því skyni að draga úr losun í vatn er besta, fánlega tækni að meðhöndla leka frá geymslu vökva og skólp frá framleiðslu járnlausra málma, þ.m.t. frá þvottastigi í vinnslu í Waelz-ofni, og fjarlægja málma og súlföt með því að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir <b>sjá lista</b>	Á ekki við
1.1. General BAT conclusions	BAT 18	Í því skyni að draga úr hávaðamengun er besta, fánlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim. - <b>sjá lista</b>	Aðferðir sem eru tilgreindar eiga ekki við ISAL. Notaðir eru hljóðdeyfar í helstu hávaðauppsprettum svo sem löndunarbúnaði fyrir súrál og strompum þurrhreinistöðva b) Ker eru hreinsuð í hljóðeinangrandi rými
1.1. General BAT conclusions	BAT 19	Í því skyni að draga úr losun lyktar er besta, fánlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.	Á ekki við
1.3.3 Primary Al prod	BAT 65	Í því skyni að koma í veg fyrir eða safna dreifðri losun frá raflausnarkerjum við frumframleiðslu á áli þar sem notuð eru forbökðuð (e. prebaked) forskaut er besta, fánlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir - <b>sjá lista</b>	Sú tækni sem notuð er hjá ISAL er: a) sjálfvirk punktmötun á súráli er í kerskálum b) Öll ker eru lokuð með þekju þannig að nægjanlegt afsog sé af kerinu í þurrhreinistöðvar d) Stöðugt er stuðlað að því að halda opnunartíma kera í lágmarki og opnunartími skráður e) Framleiðslustýringar eru notaðar til að halda ferlinu innan marka f) Notað er kerstýringakerfi g) Baðefni er hreinsað af skautum og endurnotað, skautleifar eru sendar í endurvinnslu
1.3.3 Primary Al prod	BAT 66	Í því skyni að koma í veg fyrir losun ryks frá geymslu, meðhöndlun og flutningi hráefna er besta, fánlega tækni að nota pokasíu.	Í súrálslöndunarkrana ISAL er síubúnaður, en súrál er aðal hráefnið.
		Tafla 10: Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir ryk frá geymslu, meðhöndlun og flutningi hráefna $\leq 5-10 \text{ mg/Nm}^3$ <i>As an average over the sampling period.</i>	Súrál er það hráefni sem notað er og getur valdið ryki. Löndunarbúnaður fyrir súrál uppfyllir viðmiðunarmörk sem gefin eru.
1.3.3 Primary Al prod	BAT 67	Í því skyni að draga úr losun ryks, málms og flúoríðs í andrúmsloft frá raflausnarkerjum er besta, fánlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir. - <b>sjá töflu</b>	Sú tækni sem notuð er hjá ISAL er: a) Afsog af kerum er hreinsað í þurrhreinistöðvum
		Tafla 11 Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir losun ryks og flúoríðs í andrúmsloft frá raflausnarkerjum <u>1 Sem daglegt meðaltal eða sem meðaltal á sýnatökutímabilinu.</u> <u>2 Sem meðaltal á sýnatökutímabilinu</u>	Stýringum þurrhreinistöðvanna er háttað þannig að ryk og flúoríð eru innan marka.
		Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir heildarlosun ryks og flúoríðs í andrúmsloft frá rafgreiningarskála (safnað frá raflausnarkerjum og loftopum á þaki): Sjá töflu 12.	Losunargildi fyrir ryk er $\leq 1,2 \text{ kg/t}$ ál og flúoríð $\leq 0,6 \text{ kg/t}$ ál eru uppfyllt

Kafli	BAT nr.	Lýsing	Hvernig uppfyllt
1.3.3 Primary Al prod	BAT 68	Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá bræðslu og meðhöndlun á bráðnu málmefni og steypingu við frumframleiðslu á áli er besta, fánlega tækni að nota aðra eða báðar tækniáðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.- <b>sjá lista</b>	Sú tækni sem notuð er hjá ISAL er: a) Fljótandi málmur frá rafgreining og ómengaður aðkeyptur fastmálmur
		Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir losun ryks í andrúmsloft frá bræðslu og meðhöndlun á bráðnu málmefni og steypingu við frumframleiðslu á áli <u>Sem meðaltal sýna sem tekin eru á einu ári.</u>	Þar sem ekki er hreinsun á steypuskála er miðað við að viðmiðunarmörk verði 25 mg/Nm3. Tveir raffhitaðir ofnar eru hjá ISAL og tveir þeirra eru olúkyntir.
1.3.3 Primary Al prod	BAT 69	Í því skyni að draga úr losun í andrúmsloft frá raflausnarkerjum er besta, fánlega tækni að nota aðra eða báðar tækniáðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir sjá lista a) lágt brennisteinsinnihald, b) vothreinsun.	Sú tækni sem notuð er hjá ISAL er: a) Skaut með lágu brennisteinsinnihaldi
		Unnt er að framleiða forskaut sem innihalda minna en 1,5% af brennisteini, miðað við ársmeðaltal, með viðeigandi samsetningu hráefnanna sem eru notuð. Til að rafgreiningarvinnslan sé vænleg er gerð krafa um 0,9% brennisteinsinnihald að lágmarki, miðað við ársmeðaltal.	
		Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir losun brennisteinstvíoxíðs (SO <sub>2</sub> ) í andrúmsloft frá raflausnarkerjum 2,5 - 15	Miðað er við að viðmiðunarmörk fyrir kerskála verði 15 kg/t ál. Einnig er talið að þessi viðmiðunarmörk eigi eingöngu við um losun vegna skauta og á forminu SO <sub>2</sub> .
1.3.3 Primary Al prod	BAT 70	Í því skyni að draga úr losun perflúorókefna í andrúmsloft frá frumframleiðslu á áli er besta, fánlega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir	Hjá ISAL er notuð öll sú tækni sem tilgreind er í BAT: a) sjálfvirk punktmötun b) Tölvustýrt rafgreiningarferli c) sjálfvirk riseyðing
1.3.3 Primary Al prod	BAT 71	In order to reduce CO and PAH emissions to air from primary aluminium production using the Søderberg technology, BAT is to combust the CO and the PAH in the cell exhaust gas.	Á ekki við
1.3.3 Primary Al prod	BAT 72	Í því skyni að koma í veg fyrir myndun skólps er besta, fánlega tækni að endurnota eða endurvinna kælivatn og meðhöndlað skólps, þ.m.t. regnvatn, innan vinnslunnar. Á almennt við um nýjar stöðvar og meiri háttar endurnýjun. Nothæfi getur takmarkast vegna krafna um vatnsgæði og/eða vörugæði. Magn kælivatns, meðhöndlaðs skólps og regnvatns, sem er endurnotað eða endurunnið, getur ekki verið meira en það magn vatns sem þarf í vinnsluna.	Á ekki við um ISAL því kostnaður væri óhóflegur og þetta á eingöngu við um ný álver eða miklar endurnýjanir
1.3.3 Primary Al prod	BAT 73	Í því skyni að draga úr förgun kerbrota er besta, fánlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda ytri endurvinnslu á þeim, s.s. í sementsframleiðslu í ferli til að endurnýta saltgjall sem kolefnisherðara (e. carburiser) í stál- eða járnblendiiðnaðinum eða sem endurvinnsluhræfni (t.d. steinull), eftir því hverjar kröfur endanlegs neytanda eru	Brotið er úr kerinu innandyrá á athafnasvæði ISAL. Endurvinnsla ekki fyrir hendi á Íslandi og markaðir erfiðir erlendis.

# VIÐAUKI 6

## Umhverfissvöktunaráætlun 2014-2020



# Umhverfisvöktunaráætlun 2014-2020

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf.



# Inngangur

Umhverfisvöktunaráætlun Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. (ISAL) byggir á kröfum sem fram koma í starfsleyfi fyrirtækisins um umhverfisvöktun. Vöktunaráætlunin tekur á vöktun loftgæða, veðurfars, gróðurs, vatns og lífríkis sjávar.

## Efnisyfirlit

1. Loftgæði .....	2
2. Veður .....	3
3. Gróður og vatn .....	4
4. Lífríki sjávar .....	5
5. Yfirlit umhverfisvöktunar.....	6

# 1. Loftgæði



Mynd 1: Staðsetning loftgæðastöðvar er sýnd með rauðum þríhyrningi

## Mælipættir:

Styrkur brennisteinstvíoxíðs (SO<sub>2</sub>) og flúoríðs (HF og F í ryki) í andrúmslofti; auk þess er styrkur brennisteinsvetnis (H<sub>2</sub>S) mældur.

## Staðsetning:

Loftgæðastöðin er staðsett á norðausturhorni bílastæðis við Golfklúbb Keilis, Steinholti 1 á Hvalleyrarholti (mynd 1). Loftgæðastöðin er rekin af ISAL og Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun sér um mælingar á svifryki (PM<sub>10</sub> og PM<sub>2,5</sub>) og nituroxíði (NO, NO<sub>2</sub>, NO<sub>x</sub>).

## Mæliaðferð og mælitímabil:

### Brennisteinstvíoxíð, brennisteinsvetni, svifryk og nituroxíð:

Mælingar eru framkvæmdar með sjálfvirkum mælum yfir allt árið. Gagnasöfnun fer þannig fram að unnin eru 10 mínútna meðaltöl sem síðan eru unnin yfir í klukkustundar- og dagsmeðaltöl.

### Flúoríð:

Flúoríði er safnað í ryk- og gassíur. Á meðan á mælitímabili stendur eru tekin tvö sýni í hverri viku; eitt sólarhringssýni og síðan eitt 6 daga loftsýni þar sem safnað er á einn filter í 10 mínútur á hverri klukkustund. Mælitímabil flúoríðs er yfir gróðratímabilið frá miðjum apríl fram í miðjan nóvember.

## Saga mælinga:

Loftgæðastöðin á Hvalleyrarholti var tekin í notkun árið 2007 en fyrstu loftgæðamælingar á Hvalleyrarholti voru framkvæmdar árið 1989 og gaf Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðarsvæðis út skýrslu um loftgæðamælingarnar árið 1990. Samfelldar loftgæðamælingar hafa verið gerðar á Hvalleyrarholti frá árinu 1994.

## Umsjónaraðilar:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands og verkfræðistofan Vista.



Mynd 2: Staðsetning veðurstöðvar er sýnd með bláum hring

**Mælipættir:**

Vindátt, vindhraði, hitastig, rakastig og loftþrýstingur.

**Staðsetning:**

Við Straumsvíkurhöfn (hnit: 64°02.628'N, 22°02.427'V). Mælir er staðsettur sjö metra yfir sjávarmáli (mynd 2).

**Mæliaðferð og mælitímabil:**

Sjálfvirk mælistöð sem mælir stöðugt allt árið á sekúndu fresti. Gögn eru unnin yfir í 10 mínútna og klukkustunda meðaltöl.

**Saga mælinga:**

Veðurstöðin í Straumsvík var sett upp árið 1995.

**Umsjónaraðili:**

Veðurstofa Íslands.



### 3. Gróður og vatn



**Mynd 3:** Sýnatökustaðir gróðurs og vatns. Rauðir hringir eru sýnatökustaðir fyrir gras, grænir fyrir lauf, fjólubláir fyrir barnnalar og blár hringur er sýnatökustaður fyrir vatn. Svartir hringir marka 4,5 og 6,5 km fjarlægð frá ISAL (sjá nánari skilgreiningu í gróðurskýrslu).

#### **Mælipættir:**

Heildarstyrkur flúoríðs í grasi (óaborið), laufi (birki og reyni), barri (greni og fura) og vatni.

#### **Staðsetning:**

Sýni eru tekin á 14 stöðum víðsvegar í kringum álverið, þar af eru tekin grassýni á átta stöðum, laufsýni á fimm stöðum, barnálasýni á átta stöðum og vatnssýni á einum stað (mynd 3). Viðmiðunarsýni eru tekin í Skorradal.

#### **Mæliaðferð og mælitímabil:**

Sýnum er safnað árlega. Gras- og laufsýnum er safnað að vori og hausti en barr- og vatnssýni eru tekin að hausti. Reynt er eftir fremsta megni að fara í þurrviðri og að nokkrir dagar þar á undan hafi verið úrkomulausir. Flúor er mældur í þurrkuðum og möluðum sýnum og í skolvatni.

#### **Saga mælinga:**

Mælingar hófust árið 1968 eða ári áður en álframleiðsla hófst í Straumsvík og sýnir sú mæling bakgrunnsgildið. Mælingar hafa síðan verið framkvæmdar á hverju ári en nokkrar breytingar hafa orðið á fjölda og tegundum sýna. Vegna breyttra búskaparhátta var hætt að taka sýni af beinum árið 1992, af heyi árið 2000 og ábornu grasi árið 2007. Einnig var sýnatökustöðum fækkað árið 2007, aðallega vegna byggðapróunar.

#### **Umsjónaraðili:**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

## 4. Lífríki sjávar



**Mynd 4:** Fastir sýnatökustaðir sem hafa verið mældir í öllum kræklingarannsóknum

### **Mælipættir:**

Kræklingavöxtur, magn PAH efna (EPA16) og ólífrænna snefilefna (F, Al, As, Cd, Co, Cr, Cu, Hg, Fe, Mn, Ni, Pb, V og Zn) í mjúkvæf kræklinga.

### **Staðsetning:**

Mynd 4 sýnir sýnatökustaði sem hafa verið mældir í öllum kræklingarannsóknum. Rauðir hringir tákna staðsetningar búrkræklinga og grænir kassar tákna staðsetningar fjörusýna. Mælitímabilið er um 75 dagar frá byrjun ágúst til miðjan október. Um 120 kræklingum er komið fyrir í hverju búi. Næstu rannsóknir verða framkvæmdar með sama hætti og fyrri rannsóknir og af óháðum aðila.

### **Mælitímabil:**

Tvisvar á áætluðum notkunartíma hverrar flæðigryfju eða að jafnaði á 5 ára fresti.

### **Saga mælinga:**

Fjórar kræklingarannsóknir hafa verið framkvæmdar við flæðigryfjur ISAL og fóru þær fram árin 1997, 2003, 2008 og 2013. Tvær rannsóknir voru auk þess framkvæmdar á fjölbreytileika lífríkis við strendur Straumsvíkur árin 1989 og 2001 af Líffræðistofnun Háskólans (Agnar Ingólfsson og Jörundur Svavarson).

### **Umsjónaraðilar:**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Líffræðistofnun Háskólans.

## 5. Yfirlit umhverfisvöktunar

Vöktunarpáttur	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Loftgæði	X	X	X	X	X	X	X
Veður	X	X	X	X	X	X	X
Gróður og vatn	X	X	X	X	X	X	X
Lífriki sjávar <sup>1)</sup>					X		

1) Kræklingarannsókn var framkvæmd við flæðigryfjur ISAL árið 2013 og er stefnt að því að niðurstöður munu liggja fyrir árið 2014.



# VIÐAUKI 7

## Samfélagsskýrsla og Grænt bókhald ISAL 2018

RioTinto

# Samfélagsskýrsla og Grænt bókhald ISAL 2018



Útgefandi:

Rio Tinto á Íslandi hf.

Ábyrgðarmaður:

Bjarni Már Gylfason

Ritstjórn: Bjarni Már Gylfason,  
Birna Pála Kristinsdóttir,

Guðrún Þóra Magnúsdóttir,

Harpa Guðfinnsdóttir,

Hildur Atladóttir,

Edda Lilja Sveinsdóttir

Umbrot og hönnun:

Jónsson & Le'macks

Ljósmyndir:

Birgir Ísleifur Gunnarsson o.fl.

Rio Tinto á Íslandi hf.

Straumsvík

Pósthólf 244

222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000

isal@isal.is

www.riotinto.is

# Efnisyfirlit

Yfirlýsing	<b>5</b>
Ávarp forstjóra	<b>6</b>
Fyrirtækið	<b>9</b>
Stefna ISAL	<b>12</b>
Gildi ISAL	<b>15</b>
Heimsmarkmið SP og áherslur ISAL	<b>16</b>
Umhverfismál	<b>19</b>
Loftslagsáætlun ISAL	<b>24</b>
Árangursvísar 2015-2018	<b>25</b>
Umbóta- og nýsköpunarhugsun	<b>26</b>
Fólkið í Straumsvík	<b>29</b>
Samfélag og styrkir	<b>36</b>
Efnahagslegir þættir	<b>39</b>
Áritun endurskoðanda	<b>40</b>



# Yfirlýsing

Allar upplýsingar í þessari skýrslu eru réttar og veittar samkvæmt okkar bestu vitund. Þær gefa raunhæfa mynd af starfsemi fyrirtækisins og hafa mikið gildi þegar kemur að áætlunum um að bæta árangur þess.

Það er einlægur vilji okkar að stuðla að stöðugum framförum, bæði okkar eigin og annarra, á sviði sjálfbærrar þróunar.

Grænt bókhald skv. reglugerð 851/2002 er hluti af þessari skýrslu. Staðfestingu á endurskoðun þeirra upplýsinga er að finna aftast í þessari skýrslu.



Rannveig Rist,  
forstjóri



Brynjólfur Bjarnason,  
f.h. stjórnar Rio Tinto á Íslandi HF

# Ávarp forstjóra

ISAL hefur verið veigamikill hluti af samfélaginu á Íslandi frá því að framleiðsla áls hófst þann 1. júlí 1969. Á þeim tíma hefur fyrirtækið framleitt yfir 6 milljónir tonna af áli og umbreytt endurnýjanlegri íslenskri raforku í verðmæta framleiðsluafurð sem á sér endalaust líf. Fyrirtækið hefur haft þúsundir manna í vinnu, verið leiðandi í gæðamálum og stjórnun, umhverfismálum og jafnréttismálum. Markmið okkar er að vera í fremstu röð í allri okkar starfsemi.

Útgáfa samfélagsskýrslu ISAL hefur veigamikla þýðingu í okkar huga. Með henni mætum við væntingum hagsmunaaðila okkar og nærsamfélags og fjöllum um það sem þeim þykir mikilvægt. Sömu þættir skipta miklu máli fyrir okkar starfsemi og tryggir að hún sé í sátt við samfélag okkar og umhverfi. Samfélagsskýrslan dregur fram þessi atriði auk þess að innihalda grænt bókhald sem fyrirtækinu er bæði ljúft og skylt að birta samkvæmt lögum.

Árið 2018 var krefjandi ár í rekstri ISAL. Á árinu var óvissa um eignarhald fyrirtækisins og lengst af leit út fyrir að fyrirtækið yrði hluti af Norsk Hydro. Það gekk ekki eftir og er ISAL því áfram í eigu Rio Tinto sem er traustur bakhjarl. Álverð var lágt síðastliðið ár á sama tíma og hráefnaverð hefur verið mjög hátt og afkoma fyrirtækisins eftir því. Hins vegar gekk framleiðslan afar vel og nýtt framleiðslumet var slegið í Straumsvík. Framleiðsla kerskála var 212.091 tonn og framleiðsla steypuskála var 227.723 tonn auk þess sem meira var framleitt af flóknari afurðum en áður.

Öryggismál voru í góðum farvegi og vel gekk að takmarka losun flúors og gróðurhúsalofttegunda á árinu.



Starfsfólk ISAL á mikið hrós skilið fyrir frammistöðuna á árinu við krefjandi aðstæður.

Auk þess sem framleiðslan gekk vel var unnið að fjölmörgum verkefnum hjá ISAL sem styðja við markmið okkar og stefnu. Vinnu lauk við að undirbúa jafnlaunavottun og hlutum við gullmerki PWC 2018 fyrir árangur ISAL á þessu sviði. Persónuverndarstefna ISAL hefur verið endurnýjuð og kynnt vandlega. Við höfum gert okkar eigin loftslagsáætlun sem miðar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda utan ETS kerfisins. Horft var til aðgerðaáætlunar Íslands í loftlagsmálum 2018-2030. Þá greindum við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og bárum saman við stefnu og starfsemi ISAL. Sjó þessara markmiða gerðum við að sérstökum áhersluatriðum hjá ISAL.

Stóriðjuskólinn fagnaði 20 ára afmæli á árinu. Glæsilegur hópur starfsmanna útskrifaðist á árinu og nýr framhaldshópur hóf nám. Stóriðjuskólinn og bætt menntun starfsfólks hefur gegnt lykilhlutverki á liðnum árum til að bæta rekstur og árangur ISAL auk þess sem starfsfólkið uppsker ríkulega.



Því miður var ISAL með eitt frávik í starfsleyfi við árslok vegna ryks og við fengum á árinu tvær kvartanir frá nærsamfélaginu vegna hávaða. Við þessu hefur verið brugðist með fjárfestingu í nýjum súrálslöndunarkrana sem kom til landsins í desember síðastliðinn og mun draga verulega úr hávaða auk þess að vera umhverfissvænni og afkastameiri. Um er að ræða eina stærstu fjárfestingu ISAL um árabíl og leysir af hólmi krana sem verið hefur í Straumsvík frá upphafi. Áætlað er að nýi kraninn, sem hlotið hefur nafnið Garpur, komist í fullan rekstur á fyrri hluta ársins 2019.

Þótt aðstæður í áliðnaði séu krefjandi eru langtímahorfur í áliðnaði góðar. Vaxandi áhersla á loftlagsmál beinir sjónum að áli og þeirri staðreynd að notkun þess er hluti af lausn loftslagsvandans. Á næstu árum eru góðar líkur á að það takist að framleiða óbrennanleg skaut þannig að engin losun gróðurhúsalofttegunda eigi sér stað í framleiðslunni þegar raforkan er endurnýjanleg. Rio Tinto er leiðandi í þróun þessarar tækni sem miklar vonir eru bundnar við.

Í ár fagnar ISAL því að 50 ár eru liðin frá því að framleiðsla áls hófst á Íslandi. Við munum halda upp á það með ýmsum hætti í ár en hápunkturinn verður 31. ágúst hér í Straumsvík þegar haldin verður opin fjölskylduhátíð. Við hlökkum til að fá þig í heimsókn.

Samfélagsskýrsla ISAL og grænt bókhald gefur skilmerkilegar og gagnlegar upplýsingar um rekstur og starfsemi ISAL. Allar ábendingar um efni skýrslunnar eru vel þegnar. Þeim má koma til okkar í gegnum vefsíðu okkar [www.isal.is](http://www.isal.is).



Rannveig Rist,  
forstjóri



# Fyrirtækið

Álverið í Straumsvík er rekið af Rio Tinto á Íslandi hf. Verksmiðjuheiti álversins er ISAL. ISAL tilheyrir Rio Tinto Aluminium sem er álsvið breska námafélagsins Rio Tinto. Félagið leggur mikla áherslu á heilsu og öryggi starfsfólks, sjálfbæra þróun og heiðarleika í vinnubrögðum. Alþjóðlegar siðareglur félagsins nefnast „Þannig vinnum við“ og eru aðgengilegar á íslensku á vef ISAL. Rio Tinto er með höfuðstöðvar í London en umfang starfseminnar er mest í Ástralíu og Norður-Ameríku.

Helsta framleiðsluafurð ISAL eru sívalar stangir úr áli sem í Straumsvík eru jafnan kallaðir boltar. Stangirnar eru framleiddar í fjölmörgum málmblöndum og í mismunandi stærðum, allt eftir óskum viðskiptavina. Álið úr Straumsvík er notað í ýmsar sérhæfðar vörur, svo sem í byggingariðnaði, bílaiðnaði, í ýmsa prófíla og ramma utan um sólarsellur. Viðskiptavinir ISAL eru 54 og eru flestir þeirra í Evrópu en fjöldi þeirra getur breyst umtalsvert milli ára.

Hjá ISAL starfa um 390 manns með ólíkan bakgrunn. Fjölbreytnin er mikil og innan fyrirtækisins býr mikil þekking meðal starfsmanna sem eiga stóran þátt í velgengni þess. ISAL hefur ætíð lagt mikla áherslu á fræðslumál en Stóriðju-skólinn er stærsta verkefnið í fræðslustarfi fyrirtækisins.


ISAL leggur ríka áherslu á að bæta stöðugt frammistöðu sína í umhverfismálum en fyrirtækið setur metnaðarfull umhverfismarkmið og hefur mótað skýra stefnu. ISAL hefur verið með vottað umhverfisstjórnunarkerfi, samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 14001, frá árinu 1997 og var fyrst íslenskra fyrirtækja til að taka upp slíka vottun. Umhverfisstjórnunarkerfið er samofið gæða- og öryggisstjórnunarkerfi sem eru vottuð samkvæmt alþjóðlegu stöðlunum ISO 9001 og OHSAS 18001. Markvissar stöðugar umbætur og straumlínustjórnun eru jafnframt ein af meginstöðum fyrirtækisins.

Einn af meginþáttum umhverfisstjórnunar er að fylgjast með og mæla mikilvæga umhverfisþætti, áhættumeta reksturinn til að koma í veg fyrir hugsanleg umhverfisatvik og rannsaka atvik sem upp koma til að fyrirbyggja að þau endurtaki sig. Þjálfun starfsfólks og verktaka er einnig mjög mikilvægur þáttur, auk þess að upplýsa samfélagið um umhverfismál fyrirtækisins.

Starfsleyfi fyrirtækisins var gefið út af Umhverfisstofnun þann 7. nóvember 2005 og gildir til 1. nóvember 2020. Umhverfisstofnun er jafnframt eftirlitsaðili. Fyrirtækið fellur undir fyrirtækjaflokkinn 2.1 álframleiðsla, samkvæmt fylgiskjali með reglugerð um grænt bókhald.

Stjórn fyrirtækisins var árið 2018 skipuð sjö einstaklingum: fyrir hönd eigenda voru Jean-François Faure stjórnarformaður en hann tók við af Jean-François Malleville á miðju ári, François Pierre de Feydeau, Sonia Lacombe, Katrín Pétursdóttir og Brynjólfur Bjarnason, en fulltrúar ríkisstjórnar Íslands voru Þórður Reynisson og Margrét Sanders.

# Framleiðsluferlið - 1 tonn af áli



Ál er framleitt með rafgreiningu súráls. Það er efnasamband áls og súrefnis ( $Al_2O_3$ ) og líkist fingerðum hvítum sandi. Auk súráls eru raforka og forskaut meginhræfni við framleiðslu áls. ISAL notar ríflega 3300 gígawattstundir af raforku og er hún keypt af Landsvirkjun. Súrálið er að mestum hluta keypt frá Brasilíu og forskautin koma frá Hollandi, hvort tveggja flutt sjóleiðis til Íslands.

Rafgreining fer fram í kerskálum í þar til gerðum kerum. Í þremur kerskálum ISAL eru alls 480 ker og framleiðir hvert þeirra um 1,2 tonn af áli á sólarhring allt árið um kring. Til að rafgreining geti farið fram þarf að veita rafstraumi í gegnum kerin. Í hverju kerri er flúorrík efnabráð sem gerir rafgreiningarferlið mögulegt. Við þetta klofnar hið sterka efnasamband súráls í ál og súrefni.

Forskautin, sem eru úr kolefni, gegna því hlutverki að koma rafstraumi í gegnum kerid og fer hann út um baksautin, sem eru á botni kersins. Þegar álið klofnar frá súrefninu fellur það á botn kersins en súrefnið leitar upp á við, brennur með kolefnum forskautanna og myndar koltvísýring ( $CO_2$ ).

Öll kerin í kerskálunum eru lokað og með afsogi til að lágmarka losun flúors og ryks út í andrúmsloftið. Afsogið er leitt inn á þurrhreinis-

stöðvar þar sem flúor og ryk er hreinsað úr afganginu. Vel yfir 99% flúorsins hreinsast úr afganginu og eru síðan endurnýtt við framleiðsluna.

Álið er sogað upp úr kerunum í svokallaðar deiglar og flutt yfir í steypuskálan þar sem því er breytt í fast form. Í steypuskálanum er álið hreinsað í deiglunni og síðan er fljótt álinu dælt yfir í blandofna. Þar er ýmsum efnum blandað við álið til að ná fram réttu efnasamsetningu. Næst er álinu hella úr ofninum í rennukerfi steypuvéla en á leiðinni er það gasmeðhöndlað sem hreinsar burt síðustu óhreinindi áður en steypit er. Steypuvélnar steypa 7–8 metra langar stangir í ýmsum sverleikum. Að lokum eru stangirnar settir í gegnum hitajöfnunarferli en það hefur áhrif á efnisiginleika álsins.

Í steypuskálanum eru framleiddar um 160 mismunandi vörur. Úrgangsefni sem falla til í steypuskálanum eru endurnýtt eins og kostur er, afskurður og spónn sem fellur til við sögun er endurbreiddur. Álgjall er einnig sent til endurvinnslu, en það er úrgangsefni úr hreinu áli og álóxiði sem verður til í framleiðsluferlinu. Að síðustu er álið flutt sjóleiðis til Rotterdam og þaðan áfram til viðskiptavina.



ISAL  
804723  
402 HO  
310364

ISAL  
804723  
402 HO  
310364

ISAL  
804723  
402 HO  
310364

ISAL  
804723  
401 HO  
310364

ISAL  
804723  
401 HO  
310364

ISAL  
804723  
401 HO  
310364

ISAL  
804723  
401 HO  
310364

ISAL  
804723  
310 HO  
310364

ISAL  
804723  
310 HO  
310364



# Stefna ISAL

Hlutverk okkar er að framleiða hágæða ál með hámarksarðsemi í samræmi við óskir viðskiptavina með heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismál í fyrirrúmi. Við einsetjum okkur að vera í fremstu röð í allri starfsemi, vinna að stöðugum umbótum og að starfa ávallt í sátt við umhverfi og samfélag.



Reksturinn byggir á framúrskarandi starfsfólki þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi. Við fylgjum í einu og öllu lögum og reglum og uppfyllum siðareglur Rio Tinto. Framtíðarsýn okkar er að tryggja vöxt og samkeppnishæfni fyrirtækisins til lengri tíma.



### Skaðlaus vinnustaður

Það er sannfæring okkar að áhersla á öryggis-, umhverfis- og heilbrigðismál sé forsenda framúrskarandi árangurs



### Öflug liðsheild

Ein mikilvægasta auðlind okkar er hæft, áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem skapar öruggan og eftirsóknarverðan vinnustað




### Samstarfsaðilar

Við leggjum okkur fram um að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Markmið okkar er ánægðir viðskiptavinir sem líta á ISAL sem fyrsta valkost



### Verðmætasköpun

Við hámarkum arðsemi fyrirtækisins með stöðugum umbótum og skýrri markmiðssetningu til að tryggja skilvirkni allra ferla



### Vöxtur

Við tryggjum vöxt og samkeppnishæfni með bættri nýtingu á núverandi búnaði og skynsamlegri fjárfestingarstefnu





# Gildi ISAL

## Öryggi

– Okkur er annt um samstarfsfólkið

Hjá Rio Tinto þýðir það að við setjum öryggi og velferð starfsfólks, verktaka og samfélagsins í fyrsta sæti. Alltaf. Með því að vernda umhverfi okkar tryggjum við framtíð næstu kynslóða.

Þetta sýnum við í verki með því að:

- Hefja hvern dag og hvert verk með öryggi í huga
- Stöðva vinnu ef verkið er ekki öruggt
- Huga að samstarfsmönnum okkar

## Samvinna

„Verði rekstri álversins eða verulegs hluta þess hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar og annarra hlutaðeigandi eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan mánaðar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi. Um ruðning lóðar fer samkvæmt grein 50.03 í Aðalsamningi.“

Auk starfsleyfisins fjallar Aðalsamningur Ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited um frágang vegna rekstrarstöðvunar en Aðalsamninguinn hefur lagalega stöðu. Í grein 50.03 segir:

50.03. Ef rekstri bræðslunnar er hætt, skulu aðilar, í samvinnu við kaupstaðinn, leitast við í góðri trú að finna önnur arðbær not fyrir bræðsluna og tilheyrandi mannvirki. Ef slíkar tilraunir leiða ekki til gagnkvæms samkomulags um slíka aðra notkun bræðslunnar innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um þá ætlun að hætta rekstri, skal Aluisse, ef ekki er um annað samið, sjá um að ISAL fjarlægji bræðsluna og tilheyrandi mannvirki, sem ekki hafa fundist önnur not fyrir, innan eðlilegs tíma (þó ekki síðar en 30 mánuðum frá þeim degi sem starfrækslu er endanlega hætt).

Í grein 50.04 segir:

50.04. Strax eftir að bræðslulóðin hefur verið rudd, samkvæmt málsgrein 50.03, skal ISAL afhenda kaupstaðnum bræðslulóðina veðbanda- og kvaðalaus. ISAL skal eftir það ekki eiga neina kröfu um bræðslulóðina, né heldur skulu leggjast á ISAL neinar kvaðir vegna hennar, enda hafi ISAL rekið bræðsluna í fullu samræmi við ákvæði umhverfisstarfsleyfis.



## 2. Lýsing á starfsemi

ISAL er álver sem er í eigu Rio Tinto og er starfrækt á 53 ha leigulóð við Straumsvík í Hafnarfirði. Lóðin er í eigu Hafnarfjarðarbæjar. ISAL framleiðir ál með rafgreiningu í 480 kerum í þremur kerskálum. Framleiðsluvaran eru stangir sem seldar eru viðskiptavinum í Evrópu.

Helstu byggingar á athafnasvæði ISAL eru þrjú kerskálur, steypuskáli, aðveitustöð, skautsmiðja, skautskáli, kersmiðja, kerbrotastöð, loftþjöppustöðvar, verkstæði, siló fyrir hráefni, fimm þurrhrensistöðvar, rannsóknastofa, lagerhúsnæði, skrifstofur, baðhús, þvottahús, kennslustofur og mótuneyti. Einnig eru tveir 900m<sup>3</sup> olíu tankar, einn 50 m<sup>3</sup> dísel olíu tankur auk eins 10 m<sup>3</sup> tanks sem er í eigu Skeljungs.

Flæðigryfjur eru staðsettar á þremur svæðum við ströndina og hafa verið starfræktar frá upphafi rekstursins.

ISAL á og rekur loftgæðastöð í samvinnu við Umhverfisstofnun á Hvaleyrholti í Hafnarfirði.

## 3. Framkvæmd

Í næstu köflum er helstu þáttum áætlunarinnar gerð skil

### 3.1 Ákvörðun kynnt

Strax og ákvörðun er tekin um tímabundna eða varanlega rekstrarstöðvun verður ákvörðunin kynnt hagsmunaaðilum. Helstu hagsmunaaðilar eru:

- Starfsfólk ISAL
- Ríkisstjórn Íslands
- Bæjarstjóri Hafnarfjarðar
- Landsvirkjun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Slökkviliðið
- Hafnaryfirvöld
- Verkalýðsfélög
- Helstu birgjar og verktakar

Ofangreindir aðilar verða upplýstir reglulega á meðan á ferlinu stendur. Auk þess verður Bæjarstjóra Hafnarfjarðar, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis upplýst þegar frágangi er lokið. Ábyrgð á samskiptunum ber upplýsingafulltrúi ISAL.

### 3.2 Undirbúningur rekstrarstöðvunar

Undirbúningur tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar er í höndum framkvæmdastjórnar ISAL og ber forstjóri ISAL ábyrgð á virkjun hennar. Í tilfalli varanlegrar rekstrarstöðvunar verður stofnað lokunarteymi sem stýrir og ber ábyrgð á aðgerðum.

### 3.3 Tímabundin rekstrarstöðvun

Í töflunni hér að neðan má sjá helstu aðgerðir ef starfsemi ISAL verður stöðvuð tímabundið. Umhverfisstofnun verður haldið upplýstri um framgang stöðvunarinnar og ef verulegar breytingar verða á áætluninni.

Helstu efnispættir	Aðgerð	Ábyrgð
Framleiðsla í kerskálum	Ker verða stöðvuð samkvæmt þar til gerðri áætlun. Sérstakt teymi mun framfylgja áætluninni. Raflausn verður geymd innandyrá. Reynt verður eftir fremsta megni að lágmarka losun um kerskálaljáfur.	Framkvæmdastjóri kerskála
Þurrhreinsi-stöðvar	Þurrhreinsistöðvarnar verða keyrðar niður samhliða framleiðsluminnkuninni. Reynt verður eftir fremsta megni að halda jafnvægi í súrálslæði inn á þurrhreinsistöðvar og tryggja góða hreinsun.	Framkvæmdastóri tæknisviðs
Aðveitustöð/afriðla stöðvar	Hita verður haldið á olíu til að fyrirbyggja leka af spennum.	Framkvæmdastóri viðhaldssviðs
Hráefni og önnur rekstrarvara	Hráefni og önnur rekstrarvara verður geymd með öruggum hætti í sílóum eða geymsluhúsnæði	Framkvæmdastjóri fjármálasviðs
Skautleifar og notaður kragasalli	Sent til endurvinnslu eða geymt með öruggum hætti innan athafnasvæðisins.	Framkvæmdastjóri kerskála
Gjall	Verður sent til endurvinnslu eða geymt með öruggum hætti innan athafnasvæðisins.	Framkvæmdastjóri steypuskála
Úrgangsefni og spilliefni	Úrgangsefni og spilliefni verða fjarlægð af athafnasvæðinu og komið til viðurkenndra móttökuaðila.	Framkvæmdastjóri viðhaldssviðs
Olíugildirur, rotþrær og sandföng	Eftirlit verður haft með olíugildrum, rotþróum og sandföngum og þær tæmdar gerist þess þörf.	Framkvæmdastjóri viðhaldssviðs
Olíuveita/gasveita	Draga úr upphitun olíu. Loka fyrir gas að byggingum þar sem starfsemi stöðvast.	Framkvæmdastjóri viðhaldssviðs
Vatnsveita/ Loftveita/ Snjóbræðsla	Slökkva á loftþjöppum og öllum dælum í grunnvatnsdælustöð nema einni. Koma fyrir hitablásurum í byggingum til að koma í veg fyrir frostskemdir.	Framkvæmdastjóri viðhaldssviðs
Flæðigryfjur	Eftirlit verður haft með varnargarði og úrgangsefnum í flæðigryfjum.	Framkvæmdastjóri viðhaldssviðs




### 3.4 Varanleg rekstrarstöðvun

Í töflunni hér að neðan má sjá helstu aðgerðir ef starfsemi ISAL verður stöðvuð varanlega. Umhverfisstofnun verður haldið upplýstri um framgang stöðvunarinnar.

Helstu efnispættir	Aðgerð	Ábyrgð
Framleiðsla í kerskálum	Ker verða stöðvuð samkvæmt sérstakri aðgerðar-áætlun. Teymi sem mun framfylgja áætluninni verður sett á stofn. Ál og raflausn verða fjarlægð úr kerunum. Reynt verður eftir fremsta megni að lágmarka losun um kerskálaljáfur.	Aðgerðateymi
Purrhreinsi-stöðvar	Purrhreinsistöðvarnar verða keyrðar niður samhliða framleiðsluminnkuninni. Reynt verður eftir fremsta megni að halda jafnvægi í súrálslæði inn á þurrhreinsistöðvar og tryggja góða hreinsun.	Aðgerðateymi
Rafgreiningaker	Kerfóðringin verður brotin úr kerunum. Öll kerbrot verða urðuð í flæðigrýfum. Kerkápa og straumteinar verða sendir í endurvinnslu.	Aðgerðateymi
Raflausn	Verður seld.	Aðgerðateymi
Hráefni og önnur rekstrarvara	Þéttflæðilagnir og hráefnisgeymar verða tæmdir. Efnid verður selt eða sent til framleiðanda.	Aðgerðateymi
Búnaður	Olía fjarlægð af búnaði þar sem þess gerist þörf og komið til viðurkennds móttökuaðila. Búnaður verður seldur eða komið í endurvinnslu.	Aðgerðateymi
Skautleifar/gjall og notaður kragasalli	Fjarlægt af athafnasvæðinu og sent til endurvinnslu.	Aðgerðateymi
Olíugildir og rotþrær	Olíugildir og rotþrær verða tæmdar og komið til viðurkennds móttökuaðila.	Aðgerðateymi
Úrgangsefni/spilliefni	Úrgangsefni og spilliefni verður komið til viðurkenndra móttökuaðila	Aðgerðateymi
Gasveita	Lokað fyrir lögn og lagnir tæmdar	Aðgerðateymi
Oliuveita/Olía	Tankar og lagnir tæmdar í samráði við birgja.	Aðgerðateymi
Vatnsveita/ Loftveita/ Snjóbræðsla	Slökkva á loftþjöppum og öllum dælum í grunnvatnsdælustöð nema einni. Koma fyrir hitablásurum í byggingum til að koma í veg fyrir frostsKemmdir.	Aðgerðateymi
Mannvirki og frágangur	Ef ekki finnast not fyrir mannvirki á athafnasvæðinu verða þau fjarlægð eins og kveður á í Aðalsamningi.	Aðgerðateymi
Flæðigrýfur	Yfirborð flæðigrýfja verður lokað með skeljasandslagi, jarðvegur settur þar ofaná og svæðið grætt upp.	Aðgerðateymi

Samþykkt:



Rannveig Rist  
Forstjóri ISAL

## **VIÐAUKI 8**

- b) Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004**

Rio Tinto á Íslandi hf.  
Pósthólf 244  
222 Hafnarfjörður

## Frjáls ábyrgðartrygging

Endurnýjun fyrir tímabilið 01.01.2019 - 01.01.2020.

Sjóvá tryggir samkvæmt váttryggingarskirteini þessu og váttryggingarskilmálum nr. 130 um frjálsa ábyrgðartryggingu atvinnureksturs.

Váttrygð starfsemi Mengun hafs og stranda  
Váttryggingarfjárhæð 300.000.000 kr.

Forsendur iðgjalds:

Mengun hafs og stranda

Almenn eigin áhætta 15%, lágmark 100.000 kr., hámark 1.000.000 kr.

Iðgjald tryggingarinnar miðast við núgildandi löggjöf. Komi til breytinga á lögum um útreikning bóta vegna líkamstjóns á váttryggingartímabilinu áskilur félagið sér rétt til þess að segja upp váttryggingunni með 2 mánaða fyrirvara í samræmi við 15. og 76. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

**Sérskildagi vegna bráðamengunartjóna** Um váttryggingu þessa gildir sérskilmáli fyrir skaðabótaábyrgð vegna bráðamengunar samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Sérskilmáli þessi eru viðauki við gildandi skilmála félagsins um frjálsa ábyrgðartryggingu.

**Sérsaminn skilmáli** Þrátt fyrir aðra áritun í váttryggingaskirteini þetta um eigin áhættu þá er eigin áhætta í sérhverju tjóni kr. 1.000.000.

TIL GREIÐSLU	
Iðgjald	310.000 kr.
<b>Samtals</b>	<b>310.000 kr.</b>

Fjárhæð verður færð samkvæmt greiðslusamningi við Sjóvá.

Við hvetjum þig til að kynna þér vel þá skilmála sem um váttrygginguna gilda. Einkum er vakin athygli á ákvæðum varðandi greiðslu iðgjalds og áhrif vanskila, takmörkun á ábyrgð og varúðarreglur sem gilda. Nálgast má skilmála á heimasíðu félagsins, [www.sjova.is](http://www.sjova.is). Óskir þú eftir að fá skilmála senda í pósti eða að fá frekari upplýsingar um váttrygginguna þá hvetjum við þig til að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 440 2000. Á [www.sjova.is](http://www.sjova.is) er einnig að finna upplýsingar um tjónaafgreiðslu, fresti til þess að

tilkynna um tjón, meðferð ágreiningsmála o.fl. Sérstök athygli er vakin á því að samkvæmt lögum glatast réttur til bóta ef váttrygður eða sá sem á rétt til bóta tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því hann fékk upplýsingar um atvik sem krafan er reist á.

**3. apríl 2019**

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

## VIÐAUKI 8

- c) **Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda**



# Neyðarviðbrögð (ERP)

## Olía fer í sjó

Eigandi áhættu – Risk owner	Tengiliðanúmer
Birna Pála Kristinsdóttir framkvæmdastjóri Tæknisviðs	Farsími: 860-9246
Magnús Tryggvason leiðtogi veitna	Farsími: 863-5451
Guðrún Þóra Magnúsdóttir leiðtogi Umhverfismála	Farsími: 856-3411

Stjórnstöð	Tengiliðanúmer
Öryggisgæsla ISAL	Sími: 560-7135

HRINGILISTI			
Röð	Hlutverk	Skrifstofunúmer	GSM númer
1	Neyðarvakt Hafnarfjarðarhöfn	414-2300	
2	ERT- Slökkvilið ISAL	560-7555/Sírenur	
2	Verksmiðjuvakt		896-1099
3	Leiðtogi veitna	560 7415	863-5451
4	Forstjóri: Rannveig Rist	560-7101	863-8863
5	Upplýsingafulltrúi ISAL	560-7110	854-1337
6	Leiðtogi Umhverfismála	560-7111	856-3411

HVER?	HVAÐ?	HVERNIG?
Öryggisgæsla ISAL	Kalla út viðbragsaðila og samskipti á meðan aðgerðum stendur	Samkvæmt verkl.r., sími, Tetra
ERT- Slökkvilið ISAL	Tryggja vettvang, björgun mannlífa, rýming hættusvæðis ef þurfa þykir. Byrja hreinsunarstörf. Til eru tvær 360Ltr mengunarvarnatunnur á slökkvistöð	Samkvæmt björgunaráætlun
Neyðarvakt Hafnarfjarðarhöfn	Kalla út hreinsunarteymi. Kalla til aðstoðar SHS ef þörf krefur. Hafnarstjóri stýrir hreinsunarstarfi og upplýsir Umhverfisstofnun (UST) og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis (HHK).	Samkvæmt áætlun hafnaryfirvalda
Verksmiðjukallvakt	Ef utan dagvinnutíma. Staðsetja og stöðva leka. Taka út dælur og kerfishluta. Löndunarlögn, skip í höfn, Steypuskáli	Vettvangsskoðun
Leiðtogi veitna	Ef á dagvinnutíma: Sama og verksmiðjukallvak að ofan	
Forstjóri	Lætur kalla saman Neyðarvarnastjórn ef þurfa þykir, stjórnar aðgerðum sem gripið er til, ákveður hvaða aðilar/sérfræðingar verða kallaðir til. Samræmir og samþykkir.	Útkallslisti í hliði Sími eða í neyðarvarnastjórn
Upplýsingafulltrúi ISAL	Sjá um samskipti við fjölmiðla og ákveða hvers konar fréttir og fréttatilkynningar berist fjölmiðlum. Tilkynna samstarfsaðilum í Voreppe um stöðu mála.	Samkvæmt áætlun frá upplýsingafulltrúa
Leiðtogi Umhverfismála	Upplýsir framkvæmdastjóra HSEQ og stöðugra umbóta og ræðir við fulltrúa UST og HHK um umhverfisáhrif og hvenær hreinsunarstarfi sé lokið. Upplýsa RioTinto.	Sími eða tölvupóstur

# Endurreisnaráætlun (Business Continuity Plan)

## Olía fer í sjó

Hver?	Hvað?	Hvernig?
Leiðtogi Umhverfismála/ HSE	Meta aðstæður á vettvangi. <ul style="list-style-type: none"><li>Tryggja að ekki sé hætt á frekari leka</li></ul> Tryggja að Hafnarstjóri hafi verið upplýstur um mengun innan og utan hafnar og að hreinsunarstarf hefjist jafn fljótt og hægt er.  Sérfræðingar og tæknifólk ISAL veitir aðstoð eftir þörfum og í samráði við Hafnarstjóra.	Vettvangsskoðun. Samskipti við ERT ISAL sé þess þörf Lokun svæða þar sem að umferð er óviðkomandi.
Leiðtogi Öryggismála Umhverfismála/ HSE	Mengunarvarnabúnaður – Til eru tvær 360Ltr mengunarvarnatunnur á slökkvistöð. Í tækjabíl er einnig að finna búnað til að stöðva leka. Óska þarf eftir aðstoð frá slökkviliðum Hafnfj og Kefl. sé þörf á frekari búnaði. Hægt er að finna öryggisleiðbeiningar efna á innra neti ISAL og í möppum sem geymdar eru í skáp neyðarvarnastjórnar.	Samskipti við SHS og Hafnarstjóra
Framkvæmdastjóri/ Neyðarvarnastjórn/ Stjórnendur	Stöðumat m.t.t. reksturs og viðskiptavina með sérfræðingum og tæknifólki ISAL. <ul style="list-style-type: none"><li>Olíukerfi hefur N-1 rekstaröryggi.</li></ul>	Vettvangsskoðun, ferileigandi og sérfræðingar meta ástand og virkni kerfa. Skráning olíubyrögða. Skipta yfir á brennslu gasolíu ef svartolíukerfi er ónothæft(neyðarkeyrsla).
Leiðtogi Umhverfismála	Mengunarmælingar í sjó og aðgerðaáætlun í samráði við Hafnarstjóra Hfj. og fulltrúa Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.	Mengunarmælingar í sjó og atvikagreining
Upplýsingafulltrúi ISAL	Upplýsa fréttu og upplýsingamiðla um stöðu sé þess þörf.	
Framkvæmdastjóri/ Neyðarvarnastjórn/ Stjórnendur	Endurskoðun stöðumats sé þess þörf. Forgangsráða viðgerðarverkefnum við að koma búnaði í upprunalegt ástand. <ul style="list-style-type: none"><li>Prófun búnaðar fara fram skv. reglugerðum</li></ul>	Stjórnendur/eigendur gera viðgerðaráætlun. Reglugerð 035-1994
Framkvæmdastjórn/ Neyðarvarnastjórn/ Stjórnendur	Endurskoðun stöðumats sé þess þörf. Upplýsa starfsmenn og verktaka um viðgerðaráætlun og stýra aðgerðum.	Kynna starfsmönnum viðgerðaráætlun á fundi eða upplýsingaskjá.
Framkvæmdastjórn/ Neyðarvarnastjórn/ Stjórnendur	Tilkynning verkloka og niðurstöðu atvikagreiningar.	Upplýsa starfsmenn um verkloka á fundi eða upplýsingaskjá. Upplýsa fréttu og upplýsingamiðla

## VIÐAUKI 8

### d) Urðun úrgangs í flæðigryfjur

## URÐUN ÚRGANGS Í FLÆÐIGRYFJUR

Samkvæmt grein 2.15 í starfsleyfi ISAL er heimilt að farga tilgreindum föstum úrgangi í flæðigryfjum með útskolun sigvatns í sjó. Þar segir jafnframt að meðhöndlun og frágangur úrgangs í flæðigryfjum skuli vera í samræmi við aðlögunaráætlun og áhættumatsgreiningu sem unnin var í samræmi við 25. grein reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og lið 3.4 í viðauka I í sömu reglugerð. Tilgangur þessa skjals er að lýsa flæðigryfjum.



### Lýsing urðunarstaðarins (flæðigryfja) og virkni

Urðunarstaðurinn (flæðigryfja) er við sjó og innan athafnasvæðis ISAL. Hann er varinn ágangi sjávar með grjótnargarði, sem einnig varnar því að agnir berist út í sjó. Grjótnargarður er einnig notaður til að afmarka gryfjurnar landmegin auk þess sem hann varnar því að skrið komi á úrganginn. Sjórinn skolast inn og út úr flæðigryfjum með sjávarföllum. Vegna áhrifa sjávarfalla skolar sjórinn smám saman uppleysanleg efni úr kerbrotunum. Flæðigryfjurnar sem eru norðan megin á svæðinu eru afgirtar og með læstum hliðum. Tvær aðrar flæðigryfjur eru á svæðinu og hefur þeim verið lokað og tyrft yfir (sjá nánar á **mynd 1**). Áætlað er að flæðigryfjan sem nú er í notkun endist til 2024-2026.

Úrgangsefnin eru flokkuð og sett á skilgreint svæði, fyrir hvern úrgangsflokk, innan flæðigryfja, en þeir eru D11 kerbrot, D4 kolefnisríkur úrgangur og D9 einangrunarsteinar og úrgangur.


Svæði í flæðigryfjum	Heiti úrgangs	Númer úrgangs
D11 kerbrot	Kerbrot	16 11 01
D4 kolefnisríkur úrgangur	Síuryk og uppsóp	10 03 18
D9 múrbrot	Fóðringar og eldföst efni, stálsandur og gjall frá skautsmiðju	16 11 03/16 11 04 10 03 15 / 10 03 16 10 03 22

Kerbrot eru meðhöndluð í flæðigryfjum með því að setja skeljasandslög á milli laga af kerbrotum og þannig blanda þeim saman við þau. Tilgangur þess er að binda leysanlegan flúor sem torleyst kalsíumflúoríð. Þegar flæðigryfjum er lokað er skeljasandslag sett ofan á og tyrft yfir (**mynd 2**). Regnvatn sem berst í flæðigryfjurnar hjálpar til við bindingu flúors með því að leysa upp kalsíum í skeljasandi skv. eftirfarandi jöfnum:




Engin söfnun sigvatns á sér stað enda er tilgangurinn með flæðigryfjunum sá að sjórinn skoli leysanlegum efnum úr úrganginum. Þá er ekki talin ástæða til að safna gasi frá urðunarstaðnum. Magn úrgangsefna sem urðað er í flæðigryfjum er skráð. Varðandi vatna- og jarðfræðilega eiginleika svæðisins er vísað í 10. kafla í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir stækkun ISAL í Straumsvík í allt að 460.000 tonn sem gefin var út í maí 2002.

Ekki er þörf á botn eða hliðarpéttingu flæðigryfja þar sem sjórinn gegnir hlutverki í meðhöndlun úrgangsefnanna. Til grundvallar þessu er vísað í hjálgt umhverfisáhættumat.



Mynd 1 Flæðigryfjur innan athafnasvæðis ISAL.





Mynd 2 Skýringarmynd af uppbyggingu flæðigryfju.

### Viðmiðanir

Útskolunarpróf á kerbrotum skv. II. viðauka reglugerðarinnar var framkvæmt árið 2005. Tekið var sýni af kerbroti úr 2229 daga gömlu kerri og var sýni tekið frá hlið inn að miðju kersins eða 1:20 hluti þess. Sýnið var malað og blandað og sent Nýsköpunarmiðstöð (áður Iðntæknistofnun) sem framkvæmdi útskolunarpróf. Samkvæmt niðurstöðum greininganna mælast öll efni undir mörkum fyrir óvirkan úrgang nema Cu og súlfat sem mælast hins vegar undir mörkum fyrir almennan úrgang og flúor og TDS sem mælast yfir mörkum fyrir spilliefni. Útskolunarpróf var endurtekið 2011 en það gaf svipaða niðurstöðu en þá mældist einungis flúor yfir mörkum fyrir spilliefni. Rétt er að nefna að styrkur kalsíns (Ca) og magnesíns (Mg) í sjó er umtalsvert og nær að fella flúor út. Rannsóknir á upptöku flúors í kræklingi fyrir utan flæðigryfjur styðja einnig þessa ályktun en kræklingurinn sýnir lítil sem engin merki um aukið álag flúors utan 50 m fjarlægðar frá sjó (Guðjón Atli Auðunsson 2011 „Útskolunarpróf á kerbrotum“). Efnagreiningar á sjó úr borholum í flæðigryfjur styðja að auki þessa ályktun. Rétt er að hafa í huga að kerbrot eru urðuð í stórum blokkum meðan útskolunarpróf er gert á möluðu efni og losna því efnin mun hægar út. Niðurstöður útskolunarprófa má sjá í meðfylgjandi fylgiskjali.

### Aðferðir við eftirlit og vöktun á rekstrartíma urðunarstaðar og eftir lokun hans

Tilgangur vöktunar og eftirlits með urðunarstöðum er m.a. að sannreyna hvort öll ferli á urðunarstaðnum verki eins og æskilegt er og hvort þau kerfi, sem ætlað er að vernda umhverfið, starfi að öllu leyti eins og til er ætlast.

**Veðurfræðileg gögn:** Veðurstofa Íslands rekur sjálfvirka veðurathugunarstöð á athafnasvæði ISAL og safnar þeim upplýsingum sem getið er um í 2. kafla III. viðauka reglugerðarinnar að undanskilinni uppgufun. Uppgufun er mæld á Veðurstofu Íslands og er lagt til að stuðst verið við þær mælingar.

**Gögn um losun vatns:** Eins og fram hefur komið er ekki gert ráð fyrir söfnun sigvatns á urðunarstaðnum. Jarðfræðilegum aðstæðum er þannig háttað að ekki er um yfirborðsvatn að ræða og því ekki möguleiki á söfnun þess (sjá 10. kafla í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar ISAL í Straumsvík í allt að 460.000 tonn).

**Verndun grunnvatns:** Ekki er möguleiki á söfnun grunnvatns á frástreymissvæði flæðigryfja þar sem þær eru við sjó. Ekki er stefnt á söfnun grunnvatns á aðstreymissvæði urðunarstaðarins þar sem ólíklegt þykir að þau gögn kæmu að notum við vöktun.



Í ljósi framangreindra upplýsinga leggur ISAL til að eftirlit með áhrifum flæðigryfjanna verði með sama hætti og fram kemur í vöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun. Þannig verður sannreynt að öll ferli á urðunarstað verki eins og til er ætlast.

### Eftirlit og aðgerðir til að koma í veg fyrir mengunaróhöpp

Ekki er hætt á skyndilegri útleysingu frá urðunarstaðnum nema í tveimur tilfellum; rof varnargarðs vegna óveðurs og rof varnargarðs vegna meiriháttar náttúruhamfara. Í báðum tilfellum er um óverulega áhættu að ræða. Eftir óveður og meiriháttar náttúruhamfarir er varnargarður skoðaður m.t.t. rofs. Komi í ljós rof á varnargarði er lokað fyrir og ef sýnt þykir að útleysing hafi orðið er sett af stað rannsókn á áhrifunum ef þurfa þykir.

Reglulegt eftirlit er með flæðigryfjum. Eftirlitið felst m.a. í skoðun á varnargarði, flokkun úrgangs, umgengni um flæðigryfjur og hvort nægur skeljasandur sé til staðar.

### Fjárhagsleg trygging

Samkvæmt ákvæðum gr. 50.03 og 50.04 í aðalsamningi ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holdings Ltd., sem hefur lagagildi á Íslandi, hafa íslensk stjórnvöld næga tryggingu fyrir því, að Rio Tinto á Íslandi gangi frá urðunarstöðum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 738/2003 og starfsleyfi verksmiðjunnar.

### Niðurstöður úr vöktun flæðigryfja

Umhverfi flæðigryfja hefur verið vaktað og rannsakað frá því fyrir 1990, síðustu ár í samræmi við vöktunaráætlun samþykkt af Umhverfisstofnun. Yfirlit um birtar skýrslur er að finna hér á eftir.

Gerðar hafa verið rannsóknir á lífríki fjöru og síðar á innihaldi ólífrænna snefilefna og PAH efna í lífríki sjávar. Þær rannsóknir hafa verið endurteknaðar 5 sinnum frá árinu 1998, nú síðast 2018. Árið 2018 var einnig gerð könnun á efnabáttum í seti og sjósýnum. Nýrri skýrslur eru allar aðgengilegar á vef ISAL. Hér á eftir er stutt samantekt um þær niðurstöður.

Einnig hefur verið mæld efnasamsetning vatns í borholum í kerbrotagryfjum samber umfjöllun í skýrslu um grunnástand.

Þá fékk ISAL þriðja aðila (EFLA) til að gera úttekt á rannsóknum vegna flæðigryfju ISAL árið 2017 og samantekt og mat á kræklingarannsóknum vegna umhverfsvöktunar hjá ISAL árið 2018.

Í þeirri samantekt niðurstaðna segir:

Aðeins í tilviki flúors, króms, nikkels, blýs, vanadíns og sinks má greina áhrif af verksmiðjurekstrinum 2013. Hins vegar mælist styrkurinn lágur og undir norskum umhverfisviðmiðunargildum.

Engra áhrifa af verksmiðjurekstri gætir á eftirfarandi snefilefni í þessari rannsókn: ál, arsen, kadmín, kopar, kóbolt, járn, kvikasilfur og mangan.

Það ferskvatn sem kemur undan hrauninu í Hraunsvík hefur mikil áhrif á mörg ólífrænu efnanna og gerir túlkun gagnanna örðuga.

Svipuð hlutfallsleg dreifing á PAH-efnum fannst í öllum kræklingasýnum 1997, 2003, 2008 og 2013 sem bendir til háhitameðhöndlunar á kolum, olíu eða kolasalla sem bendir til þess að PAH efnin eru loftborin en ekki upprunnin frá flæðigryfjum. Að öllu samanteknu er kræklingurinn í Straumsvík 2013, 2008 og 2003 lægri eða á svipuðum nótum og hann gerist til manneldis við strendur Evrópu og USA og lægri en villtur kræklingur í Færeyjum.

Mengunarstigið er því lágt í þessu ljósi þó augljóslega sé nærsvæðið undir áhrifum verksmiðjurekstrarins.

Niðurstöður 2018 benda til svipaðrar niðurstöður. Flúoríð í kræklingi er það sama og árið 2003. Fyrir króm er ekki hægt að sjá marktæka langtímabreytingar, nikkell er óbreytt fyrir búrkrækling, en heldur lækkandi í fjörukræklingi. Gildi fyrir blý hafa farið lækkandi almennt. Króm og nikkell hafa eins og áður mikla fylgni með styrk járn.

PAH efni sýna nokkurn breytileika milli ára fyrir búrkrækling, en greina má lækkun í fjörukræklingi.

Ein stöð sýnir hæstan styrk fyrir PAH og öll snefilefni. Þetta er stöð VI sem er á milli álversins og skólpadælustöðvarinnar.

Í skýrslu um könnun á efnaþáttum í sjó við Straumsvík sumarið og haustið 2018 segir að niðurstöður mælinga á næringarefnum eru í samræmi við það sem má búast við þau náttúrulegu skilyrði í sjónum við álverið. Greina má uppsprettur á næringarsöltum, auk lítilla áhrifa af sinki, flúoríði, króm og nikkell. Veruleg áhrif sjást á styrk kopars. Fram kemur einnig að ekki sé loku skotið fyrir að áhrifa álversins gæti í fjörukræklingi, einkum árin 2003 og 2008.

Niðurstöður mælinga á seti benda til lítil áhrifa á styrk kóbalts, nikkels og króms, en einnig var vanadíum hærra á nokkrum stöðvum. Kóbalt, nikkell og króm sýna góða fylgni í setinu, sem benda til tengsla við stál. PAH efni mældust í lágum styrk og dreifing bendir til þess að styrkur eigi rætur að rekja til uppspretta á landi. Sýni voru tekin eins nálægt álveri eins og kostur var, en næst álverinu finnst ekki set.

### **Mat á álagi á umhverfið.**

Flæðigryfjur ISAL eru byggðar upp með ströndinni meðfram álverinu og mynda brimvörn fyrir skautsmiðju, steypuskála og kerskála álversins. Áður var þar klapparfjara og uppfylling. Strandlengjan hefur því breyst verulega.

Eins og fram kemur hér að ofan hafa farið fram umfangsmiklar rannsóknir á áhrifum af útskolun frá flæðigryfjunum. Þrátt fyrir að áhrif efnaútskolunar ólífrænna snefilefna sé mælanleg í skel og holdi kræklinga þá virðist það ekki hafa áhrif vöxt kræklinga í búrum. Styrkur einstakra efna er þannig að kræklingur færast í sumum tilvikum milli flokka, þó svo að flest sýnin séu þannig að þau flokkist við eða undir flokki ósnortinna svæða.

Styrkur PAH efna í fjörukræklingi hefur farið minnkandi, en er óbreyttur í búrkræklingi. Styrkurinn er hæstur við nýjar flæðigryfjur. Búrkræklingur flokkast oftast sem nokkuð mengaður á meðan fjörukræklingur er lítt mengaður fyrir utan eina stöð. Sú stöð ásamt búrkræklingi við nýjustu flæðigryfju flokkast sem verulega menguð. Allur kræklingur er þó undir hámarksgildum fyrir PAH efni í skelfiski til manneldis.

Miðað við ofangreint þá er efnaálag á umhverfið af völdum kerbrotagryfja mælanlegt, en tímabundið og afmarkað.

Í ljósi ofangreinds mats þá telst sú áhættugreining sem gerð var árið 2003 vera í fullu gildi og ekki sérstök ástæða til að uppfæra eða breyta henni.

Mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut að auka flokkun og draga úr losun eins og hægt er í flæðigryfjur. Þannig verður hægt að halda áhrifum af gryfjunum til framtíðar í lágmarki.

## Rannsóknir á flæðigryfum

Eftirfarandi er listi yfir helstu rannsóknir og birtar skýrslur vegna flæðigryfja í Straumsvík.

- Agnar Ingólfsson 1990. Rannsóknir á lífríki fjöru umhverfis kerbrotagryfjur í Straumsvík. Líffræðistofnun Háskólans fjölrit nr. 27.
- Svavarsson, J. 1990. Studies on the rocky subtidal communities in vicinity of a dumping pit for pot linings at Straumsvík, southwestern Iceland. Líffræðistofnun Háskólans fjölrit nr 28.
- Guðjón Atli Auðunsson, Elín Árnadóttir, Helga Halldórsdóttir, Þuríður Ragnarsdóttir og Öyvind Glömmi 1998. Könnun á ólífrænum snefilefnum og PAH-efnum í lífríki sjávar við álverið í Straumsvík 1997. Skýrsla Rf 1- 1998
- Gísli Már Gíslason (1998). Áhrif kerbrotagryfja á lífríki í Straumsvík. Líffræðistofnun Háskólans fjölrit nr 42a.
- Jörundur Svavarson 2002. Lífríki á klapparbotni neðansjávar í Hraunavík. Líffræðistofnun Háskólans fjölrit nr. 65.
- Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir 2002. Rannsóknir á lífríki fjöru í Hraunavík austan Straumsvíkur. Líffræðistofnun Háskólans fjölrit nr. 64.
- Guðjón Atli Auðunsson, Elín Árnadóttir og Helga Halldórsdóttir 2005. Könnun á ólífrænum snefilefnum og arómatískum fjölhringasamböndum PAH í kræklingi og skúfþangi við álverið í Straumsvík. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
- Guðjón Atli Auðunsson 2012. Könnun á ólífrænum snefilefnum og arómatískum fjölhringjasamböndum (PAH) í kræklingi og skúfþangi við álverið í Straumsvík, sýnataka 2008. NMI 12-01.
- Guðjón Atli Auðunsson 2014. Könnun á ólífrænum snefilefnum og arómatískum fjölhringjasamböndum (PAH) í kræklingi við álverið í Straumsvík. Sýnataka 2013. NMÍ 14-06.
- Guðjón Atli Auðunsson o.fl. 2020. Könnun á ólífrænum snefilefnum og arómatískum fjölhringjasamböndum (PAH) í kræklingi við álverið í Straumsvík. Sýnataka 2018. NMÍ – skýrsla.
- Guðjón Atli Auðunsson o.fl. 2020. Könnun á efnaþáttum í seti við Straumsvík sumarið 2018. NMÍ – skýrsla.
- Guðjón Atli Auðunsson o.fl. 2020. Könnun á efnaþáttum í sjó við Straumsvík sumarið og haustið 2018. NMÍ - skýrsla

## Samantekt um aðra valkosti í meðhöndlun kerbrota.

Í þeim löndum í kringum okkur sem búa við líkt regluverk og Ísland eru nokkrar mismunandi leiðir notaðar við meðhöndlun kerbrota. Auk eldri upplýsinga er hér einnig stuðst við nýlega skýrslu World-Aluminium.org um Sustainable Spent Pot Lining Management Guidance, sem kom á netið í mars 2020.

### Urðun

Algengasta leiðin er urðun með mismunandi formerkjum og eru tvö dæmi tiltekin hér að neðan.

Í Noregi er rekinn urðunarstaður á Langöja af NOAH (NOAH.no) þar sem kerbrot eru blönduð með kalki og gifsi og notuð sem bakfylling í urðunarstað fyrir spilliefni sem rekinn er í gamalli kalknámu á eyjunni. Flest álver í Noregi hafa sent úrgang þangað í meira eða minna mæli, en staðurinn hefur einnig tekið á móti úrgangi frá öðrum löndum.

Aðrir geymslu/urðunarstaðir eru til í Evrópu fyrir úrgang sem getur mengað vatn eins og t.d. saltnámur.

### Notkun í iðnaði

Kerbrot hafa verið notuð beint í öðrum iðnaði eins og tilgreint er í eftirfarandi dæmum.

Sementsverksmiðjur geta sumar nýtt kerbrot í litlum hluta af hráefnablöndunni. Þessi aðferð nýtist misvel eftir þeim hráefnablöndum sem eru fyrirliggjandi á hverjum stað. Best nýtist þessi aðferð þar sem hlutfallslega mikil sementsframleiðsla er í gangi miðað við álframleiðslu, eins og á við víða í Asíu.

Ef kerbrotunum er skipt í tvo hluta þá geta steinullarverksmiðjur nýtt kolefnisríkari hluta kerbrota sem orkugjafa/efnisgjafa í stað koks sem algengast er að nota til steinullarframleiðslunnar. Verksmiðjur sem nota koks geta skipt út allt að 30% af koksinnu með kerbrotum. Þessi aðferð er notuð t.d. í Þýskalandi og Rússlandi.

Kolefnisríkari hluta kerbrota má á sama hátt nota í stálframleiðslu. Þessi aðferð er mikið notuð þar sem stálvinnsla er mikil.

Í nágrenni ISAL þá eru ekki verksmiðjur héraendis sem geta tekið kerbrot til vinnslu. Innflutningur á kerbrotum í framangreindan iðnað virðist ekki hafa tíðkast í Evrópu.

Við endurvinnslu á saltgjalli sem verður til við endurvinnslu áls hafa verið settir upp vinnsluferlar sem taka kerbrot með í vinnsluna á móti saltgjallinu. Eitt fyrirtæki rekur slíkar verksmiðjur í Evrópu og hefur leyfi til að taka á móti úrgangsefni frá öðrum löndum. Eftir þeim upplýsingum sem ISAL hefur þá hefur fyrirtækið ekki getu til að taka við meira efni en það gerir nú og hluti efnis sem átti að fara þangað hefur í stað þess þurft að senda til urðunarstaða. Einnig er verksmiðja í Ástralíu sem er með svipað ferli.

Þá hafa nokkur álver í Ástralíu og Asíu samið við fyrirtæki um vinnslu á kerbrotum til framleiðslu á hráefnum til sements- og múrsteinaframleiðslu. Þessi vinnsluaðferð hefur ekki enn verið sett upp í Evrópu.

Í Norður-Ameríku hafa verið settar upp verksmiðjur til vinnslu á kerbrotum. Gallinn við eldri ferlin er sá að úrgangurinn minnkaði ekki nauðsynlega og er jafnvel enn flokkaður sem spilliefni þar sem hann er basískur. Nýrri verksmiðja, sem vinnur úr nýjum kerbrotum og eldri birgðum, er tengd súrálverksmiðju sem nýtir frárennslið sem er basískt. Enn er unnið í því að þróa verðmæti úr öðrum afurðum verksmiðjunnar. Ekki er raunhæft að senda efni til vinnslu þangað fyrr en búíð er að vinna úr fyrirliggjandi birgðum í nágrenni verksmiðjunnar.

**Niðurstaða**

Miðað við framangreint þá er ekki augljós valkostur til meðhöndlunar á kerbrotum og því lítur ISAL til þess að setja kerbrotin áfram í flæðigryfjur með sambærilegum hætti og hingað til. ISAL mun þó áfram leita leiða til að endurvinna kerbrot með sjálfbærum hætti.

## Fylgiskjal

### Niðurstöður útskolunarprófa

Útskolunarpróf hafa verið gerð tvisvar á kerbrotum en þau eru yfir 90% úrgangs sem urðaður er í flæðigryfjum.

### Útskolunarpróf 2005

Tafla 1: Niðurstöður efnagreininga á útskolunarvökva af kerbrotasýni skv. ISO 12457-2:2002.

SO <sub>4</sub> <sup>2-</sup>	Cr	Ni	Cu	Zn	As	Se	Mo	Cd	Sb	Ba	Hg	Pb	TDS	DOC	Cl	F
mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg
2389	< 0,6	< 0,3	3,0	0,1	< 1	< 0,1	< 0,1	< 0,1	< 0,05	0,3	< 0,1	< 3	129747	262	514	5423

Tafla 2: Helstu upplýsingar um útskolunarvökva

pH	Leiðni
-	µS/cm
11,6	19150

TDS = Total Dissolved Solids  
DOC = Dissolved Organic Carbon

### Útskolunarpróf 2011

	Cut-sýni mg/kg	Kerbrot mg/kg	Losunarmörk skv. 738/2003		
			óvirkur úrgangur mg/kg	almenmur úrgangur mg/kg	spilliefni mg/kg
As	0,17-0,88	0,4-0,6	0,5	2	25
Ba	<0,02-0,09	0,081-0,099	20	100	300
Cd	<0,005-0,011	<0,0005-0,007	0,04	1	5
Cr	<0,05-0,062	0,026-0,084	0,5	10	70
Cu	<0,1-4,98	<0,01	2	50	100
Hg	<0,0002	<0,0002	0,01	0,2	2
Mo	0,38-0,73	0,46-0,54	0,5	10	30
Ni	0,28-2,3	0,0096-0,31	0,4	10	40
Pb	<0,02	0,008-0,066	0,5	10	50
Sb	0,10-0,40	0,27-0,29	0,06	0,7	5
Se	0,014-0,096	0,016-0,019	0,1	0,5	7
Zn	0,068-1,1	0,050-0,14	4	50	200
DOC	84-222	139-148	500	800	1000
Cl	518-1540	632-994	800	15000	25000
F	15-38·10 <sup>3</sup>	22,6-29,4·10 <sup>3</sup>	10	150	500
SO <sub>4</sub>	1,1-3·10 <sup>3</sup>	1,1-2,1·10 <sup>3</sup>	1000	20000	50000
Fenól	0,12-0,17	<0,05	1	-	-
TDS	55-105·10 <sup>3</sup>	84-94·10 <sup>3</sup>	4000	60000	100000



## Umhverfisáættumat flæðigryfja Alcan á Íslandi hf.

### I. Markmið og tilgangur

Markmið og tilgangur þessa umhverfisáættumats er að greina hvort urðun úrgangs í flæðigryfjum valdi óæskilegum áhrifum á umhverfið umfram viðmið og það sem telst ásættanlegt. Í því felst að greina hvort urðun úrgangs í flæðigryfjum mengi sjó, vatn, jarðveg eða andrúmsloft, þannig að hætta geti skapast gagnvart gróðri og heilsu manna og dýra, og urðun sé þannig háttáð að úrgangur nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

*Ofangreint markmið samræmist markmiði reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.*

### II. Aðferðafræði við umhverfisáættumat

Aðferðafræði sem notuð er við gerð þessa umhverfisáættumats byggir á aðferð sem notuð er við áhættustjórnun almennt (1). Aðferðafræðin byggir á eftirfarandi þáttum:

Skilgreining áhættuþátta – Hvaða áhættuþættir eru til skoðunar samkvæmt þeim markmiðum sem tilgreind eru í kafla I.

Áhættumat – Upplýsingar um mælt magn þessara áhættuþátta samkvæmt mælingum og rannsóknum.

Áhrif á lífríki – Upplýsingar um áhrif þessara áhættuþátta á umhverfið samkvæmt rannsóknum.

Niðurstöður – Ályktanir um það hvort mælt magn áhættuþátta og áhrif á umhverfið séu innan ásættanlegra marka.

### III. Skilgreining á markmiðum og umfangi

Eins og fram kemur í I. kafla í þessari skýrslu er tilgangur þessarar vinnu tvenns konar:

1. Að greina hvort urðun úrgangs í flæðigryfjum valdi óæskilegum áhrifum á umhverfið umfram viðmið og það sem telst ásættanlegt. Í því felst að greina hvort urðun úrgangs í flæðigryfjum mengi sjó, vatn, jarðveg eða andrúmsloft, þannig að hætta geti skapast gagnvart gróðri og heilsu manna og dýra.

2. Að greina hvort urðun sé þannig háttáð að úrgangur nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

Þeir áhrifavaldar (umhverfisáhrif) sem eru til skoðunar eru eftirfarandi:

Áhrifavaldur (áhætta)	Athugasemdir
Flúor	Kerbrót eru flokkuð sem spilliefni vegna flúor innihalds.
Sýaníð	Kerbrót eru flokkuð sem spilliefni vegna sýaníð innihalds.
PAH	PAH efni eru einn af mörgum mælipáttum sem mæld hafa verið vegna starfsemi Alcan á Íslandi hf. Vegna þeirrar umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu um flæðigryfjur er rétt að PAH efni séu skilgreind hér.
Pungmálmur	Pungmálmur eru einn af mörgum mælipáttum sem mældir hafa verið vegna starfsemi Alcan á Íslandi hf. Vegna þeirrar umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu um flæðigryfjur er rétt að pungmálmur séu skilgreindir hér.

#### IV. Áhættumat

Eftirfarandi eru þær umhverfisáhrif sem skilgreindar voru í kafla III og umfjöllun um niðurstöður mælinga/rannsóknna er varða viðkomandi áhættur.

Áhrifavaldur (áhætta)	Athugasemdir
Flúor	<p>Hæsti styrkur flúors í vatni úr borholum í flæðigryfjum mældist 40 mg/L í þeirri flæðigryfju sem er í notkun í dag (tafla 1, 2).</p> <p>Mæld gildi flúors í sjó beint fyrir framan flæðigryfjur eru á frá 0,7 til 0,9 ppm. Til samanburðar má nefna að meðalstyrkur flúors í sjó er 1,3 ppm (tafla 1).</p> <p>Flúor í skel kræklinga og skúfþangi mældist jafn lágur fyrir framan flæðigryfjur í Straumsvík og á viðmiðunarsvæði í Hvalfirði (3,4).</p> <p>Þessar niðurstöður sýna að sú meðhöndlun úrgangs sem á sér stað í flæðigryfjum með samspili skeljasands og sjávar lágmarkar umhverfisáhrif flúors.</p>
Sýaníð	<p>Frítt sýaníð mældist hæst 85 µg/l í vatni í borholu í flæðigryfju sem er í notkun í dag. Í sömu borholu var styrkur komplex-bundins sýaníðs 720 µg/l. (tafla 1)</p> <p>Sýaníð, frítt og komplex-bundið, í sjó beint fyrir framan flæðigryfjur mældist undir greinimörkum (&lt; 5 µg/L) (tafla 1).</p> <p>Þessar niðurstöður sýna að sú meðhöndlun úrgangs sem á sér stað í flæðigryfjum með samspili efna í sjó og úrgangi skilar árangri sem lágmarkar umhverfisáhrif sýniðs með komplex-bindingu þess.</p>
PAH	<p>Í BAT-skýrslu kemur fram að PAH-efni eru ekki talin vandamál þar sem óverulegt magn er í kerbrótum. Ástæðan er sú að bakskaut eru bökuð við 1.250°C og á rekstartíma eru kerin hituð í meira en 900°C (5).</p>

Í rannsókn sem SINTEF og Rogaland Research gerðu fyrir norsk álver kom í ljós að PAH



efni voru vart mælanleg í kerbrotum og útskolunarvökva þeirra (6).

Í rannsókn á uppsöfnun PAH í kræklingi kom í ljós að PAH efni mældust hærrí við flæðigryfjur en í Hvalfirði. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að líklegast sé að PAH efnin séu loftborin og komi ekki frá flæðigryfjum (3,4).

Þungmálmar	Í rannsókn á uppsöfnun þungmálma (Hg, Pb, Cd, Cu, Zn, Cr og Ni) í kræklingi kom í ljós að einungis króm mælist hærrí í Straumsvík en í Hvalfirði. Allar líkur eru á að króm komi úr stáli skipa sem fara um höfnina því hæstu gildin voru næst höfninni og lækkuðu eftir því sem fjær dró (3,4).
------------	--

## V. Áhrif á lífríki

Eftirfarandi er samantekt á áhrifum flæðigryfja á lífríkið til að staðreyna niðurstöður mælinga er varða umhverfisáhrif flæðigryfja í Straumsvík

Áhrifavaldur (áhætta)	Umfang áhrifa	Athugasemdir
Flúor		Tvisvar sinnum hafa rannsóknir á fjölbreytileika lífríkis í fjöruborði og fyrir neðan sjávarmál við flæðigryfjur verið gerðar. (7,8,9,10,11)
Sýnið		<i>Niðurstöður þessara rannsókna sýna að lífsamfélag í fjöruborði og fyrir neðan sjávarmál er með eðlilegum hætti og dæmigert fyrir sambærilegar fjörur. Tegundafjölbreytileika hrakaði ekki á því 11 ára tímabili sem leið á milli þessara tveggja rannsókna þrátt fyrir tilvist flæðigryfja.</i>
PAH	Lífríki Straumsvíkur	
Þungmálmar		Áhrif flæðigryfja á krækling og skúfþang hafa einnig verið rannsökuð (3,4). <i>Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að kræklingurinn dafnaði vel og flæðigryfjur leiða ekki til uppsöfnunar efna í kræklingi og skúfþangi.</i>

## VI. Niðurstaða

Niðurstöður þessa umhverfisáættumats taka mið af þeim tveimur markmiðum sem sett eru fram í kafla III.

1. Að greina hvort urðun úrgangs í flæðigryfjur valdi óæskilegum áhrifum á umhverfið umfram viðmið og það sem telst ásættanlegt. Í því felst að greina hvort urðun úrgangs í flæðigryfjur mengi sjó, vatn, jarðveg eða andrúmsloft, þannig að hætta geti skapast gagnvart gróðri og heilsu manna og dýra.
2. Að greina hvort urðun sé þannig háttáð að úrgangur nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

*Niðurstöður mælinga í flæðigryfjum sýna að útskolun efna er innan ásættanlegra marka og að hún veldur ekki uppsöfnun efna í lífríkinu. Auk þess hafa allar rannsóknir á áhrifum flæðigryfja á fjölbreytileika lífríkisins sýnt að áhrifin eru hverfandi.*

*Þessar niðurstöður gefa til kynna að meðhöndlun úrgangs í flæðigryffum skilar tilætluðum árangri og að úrgangurinn nái jafnvægi við umhverfi sitt án þess að skaða það.*

*Það er því niðurstaða Alcan á Íslandi hf. að umhverfisáhætta af meðhöndlun úrgangsefna í flæðigryffum í Straumsvík sé vel innan ásættanlegra marka.*

## VII. Heimildir

1. Elms, David et al. *Owning the Future – Integrated Risk Management in Practise*. Christchurch, New Zealand. Saxon Print 1998.
2. *Handbook of Chemistry and Physics*. CRC Press, 72nd edition 1991 – 1992.
3. Gísli Már Gíslason. Áhrif kerbrotagryfja á lífríki í Straumsvík: Yfirlit yfir rannsóknir sem gerðar hafa verið á fjölbreytileika í lífríki. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 42a, 1998.
4. Guðjón Atli Auðunsson. Könnun á ólífrænum snefilefnum og PAH-efnum í lífríki sjávar við álverið í Straumsvík 1997. Rannsóknastofnun Fiskiðnaðarins, 1998.
5. European Commission, European IPPC Bureau 2000. IPPC 2000, Reference Document on Best Available Techniques in the Non Ferrous Metals Industries.
6. SINTEF Kjemi og RF-Rogelandsforskning. Deponering av katodeavfall, september 2000.
7. Agnar Ingólfsson. Rannsóknir á lífríki fjöru umhverfis kerbrotagryfjur í Straumsvík. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 27, 1990.
8. Jörundur Svavarsson. Studies on the rocky subtidal communities in vicinity of a dumping pit for potlinings in Straumsvík, southwestern Iceland. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 28, 1990.
9. A. Ingólfsson, J.Svavarsson. Study of marine organisms round a cathode dumping site in Iceland. *The Science of the Total Environment* 163;61-92 (1995).
10. Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir. Rannsóknir á lífríki fjöru í Hraunavík austan Straumsvíkur. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr.64, 2002.
11. Jörundur Svavarsson. Lífríki á klapparbotni neðansjávar í Hraunavík. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 65, 2002.